

150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal 889 – 538. mál.

Skýrsla

**Sigurðar Inga Jóhannssonar, samstarfsráðherra Norðurlanda, um störf Norrænu
ráðherranefndarinnar 2019.**

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Forsætisráðherrar Norðurlanda	5
Samstarfsráðherrar Norðurlanda	6
Fiskveiðar, fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt.....	9
Atvinnu- og orkumál	11
Byggðamál	14
Stafræn væðing	16
Umhverfis- og loftslagsmál.....	17
Menntamál og rannsóknir	20
Menningarmál	24
Félags- og heilbrigðismál.....	26
Jafnréttismál.....	31
Vinumál.....	33
Löggjafarsamstarf	36
Efnahags- og fjármálastefna.....	36
Fylgiskjal I.	38
Fylgiskjal II.....	40

Inngangur

Í þessari skýrslu gerir samstarfsráðherra Norðurlanda grein fyrir því helsta sem unnið var að á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2019. Sigurður Ingi Jóhannsson gegndi embætti samstarfsráðherra.

Að baki er viðburðaríkt ár í norrænu samstarfi. Ísland gegndi formennsku í Norrænu ráðherranefndinni en í því fólst m.a. að fulltrúar Íslands stýrðu fundum í öllum ráðherranefndum og embættismannanefndum og eftir atvikum í vinnuhópum sérfræðinga. Stór hluti funda og viðburða fór fram hérlendis, þ.m.t. 16 ráðherrafundir og vel á annað hundrað embættismanna- og sérfræðingafunda, ráðstefna og viðburða. Gróft áætlað komu um 3.500 erlendir gestir til Íslands á fundi á formennskuárinu. Formennskunni fylgdu tækifæri til að setja ákveðin mál á dagskrá og vinna þannig að hagsmunum Íslands og styrkja fótfestuna í norrænu samstarfi.

Yfirskrift formennskuáætlunar Íslands var *Gagnvegir góðir*. Formennskuverkefnum var ýtt úr vör þar sem lögð var áhersla á málefni ungs fólks, sjálfbæra ferðaþjónustu í norðri og hafið og eru þrjú verkefni í hverjum málaflokki. Góð norræn þátttaka er í öllum formennskuverkefnum sem eru fjármögnuð af Norrænu ráðherranefndinni til þriggja ára (2019–2021) með fjárveitingu sem nemur um 275 millj. kr. á ári.

Formennskuverkefnin eru tengd heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og er það í fyrsta skipti sem það er gert. Í formennskuáætlun Íslands var enn fremur lögð áhersla á að Norðurlöndin hefðu rödd á alþjóðavettvangi og styddu við grundvallarreglur lýðræðis, réttarríkis og mannréttinda. Þá lagði Ísland áherslu á málefni vestnorræna svæðisins og hafði jafnréttismál að leiðarljósi í öllu starfi. Ötullega var unnið að þessu á formennskuárinu eins og rakið er nánar í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir.

Stærsta málið á formennskuári Íslands var stefnumótun um nýja framtíðarsýn fyrir Norrænu ráðherranefndina til ársins 2030. Að lokinni snarpri samningavinnu náðist samstaða um *Norðurlöndin sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030*. Í því skyni á Norræna ráðherranefndin og þær stofnanir sem undir hana heyra að vinna að forgangsmarkmiðunum um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Rauði þráðurinn í þessari stefnumótun er að norrænt samstarf styðji annars vegar við græna umbreytingu samfélagsins til að vinna gegn loftslagsbreytingum og hins vegar að áfram verði tryggt að íbúar geti óhindrað ferðast, stundað nám, starfað og stofnað fyrirtæki hvar sem er á Norðurlöndunum. Samhliða vinnu að framtíðarsýninni ákvað Norræna ráðherranefndin að taka upp fjárveitingar til fjögurra ára í senn og innleiða í auknum mæli árangursmælingar af öllu starfi. Þá er markmiðið að einfalda stjórnkerfi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Loftslagsmálin voru í brennidepli. Var um þau fjallað á flestum sviðum samvinnunnar í því augnamiði að skilgreina hvernig Norðurlöndin geti í sameiningu gert meira til að bregðast við loftslagsbreytingum. Er þar einkum litið til sameiginlegra rannsókna og þekkingaruppbyggingar og hvernig norrænar lausnir geta nýst í öllum löndunum og um víða veröld.

Norrænir umhverfisráðherrar samþykktu nýja samstarfsáætlun í umhverfis- og loftslagsmálum og unnu að framkvæmd Helsinki-yfirlýsingarinnar um kolefnishlutlaus Norðurlönd. Haldinn var sérstakur fundur húsnæðismálaráðherra, m.a. til að fjalla um hvernig draga megi úr kolefnisspori byggingariðnaðarins. Norrænir landbúnaðarráðherrar ræddu um norrænar rannsóknir um endurheimt votlendis. Öll norrænu ráðherraráðin fjölluðu um með hvaða hætti þau geta lagt til markmiðsins um sjálfbær Norðurlönd.

Mikil virkni var í öllum ráðherraráðum sem fjölluðu um og ýttu úr vör norrænni samvinnu á sínum málefnasviðum. Þar má nefna ráðstefnu um rafræna fylgiseðla, fund um orkustefnu

Íslands með þátttöku norrænna sérfræðinga, fundi vinnuhópa um fjölda heilbrigðisáskorana, m.a. sýklalyfjaónæmi, ráðstefnu um tengsl jöfnuðar, heilsu og vellíðanar, 30 ára afmælisráðstefnu umhverfismerkisins Svansins, fund um fjarheilbrigðisþjónustu í dreifbýli, ráðstefnu um framtíð byggðaðþróunar á Norðurlöndum og ráðstefnu um stafrænt kynferðisofbeldi gagnvart börnum. Þá var fjallað um stöðu kennara í samfélaginu og leiðir til að fjölga kennaranum og lagt var mat á framgang samstarfsáætlunar um byggðaðþróun 2017–2020.

Tvær stórar alþjóðlegar ráðstefnur fóru fram á formennskuárinu á Íslandi. Sú fyrri fjallaði um framtíð vinnunnar, *Future of work*, en þar voru niðurstöður viðamikils norræns rannsóknaverkefnis kynntar. Hin var um *#MeToo*-byltinguna og fór hún fram í samstarfi íslenskra stjórnvalda og Norrænu ráðherranefndarinnar. Þá var haldin ráðstefna í Hörpu þar sem sjönnum var beint að ungu fólki, sjálfbærni neyslu og framleiðslu. Fjöldi annarra viðburða, málþing og vinnustofur, voru haldnir á formennskuárinu á vegum einstakra fagráðherraráða.

NAUST-áætlunin um aukið samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Vestur-Noregs var samþykkt á árinu. Fjármagn var tryggt í fyrstu verkefni undir hatti NAUST sem skrifstofa Norður-Atlantshafsamstarfsins í Þórshöfn í Færeyjum (NORA) mun hafa umsjón með. Þar með tókst að koma í höfn stefnumótunarvinnu sem hófst í síðustu formennsku Íslands árið 2014.

Samstarf milli ráðuneyta var gott á árinu. Stýrihópur Stjórnarráðsins um norrænt samstarf hittist alls 8 sinnum og stillti saman strengi um málflutning, áherslur og almennan rekstur. Á formennskuárinu var lögð áhersla á að upplýsa jafnt og þétt um innihald og framkvæmd norræns samstarfs, einkum á samfélagsmiðlum. Sett var upp vefsvæði samstarfsráðherra Norðurlanda á vef Stjórnarráðsins og þar eru upplýsingar um norrænt samstarf allra ráðuneyta.

Meginmarkmiðin á formennskuárinu í Norrænu ráðherranefndinni voru á margan hátt þau sömu og á venjulegu ári, þ.e. að hlúa að hagsmunum Íslands með því að halda fram málefnum og málaflokkum sem skipta Ísland máli. Með því að hafa áhrif á stefnumótun Norðurlandanna á einstökum sviðum verður til grundvöllur fyrir sameiginlegri fjármögnun verkefna og norrænum áherslum sem er mikilvægt fyrir Ísland.

Annað meginmarkmið Íslands í norrænni samvinnu er að sækja styrk í þekkingu og reynslu annarra og njóta góðs af því að vera hluti af stærri heild. Þannig styrkist fagþekking á fjölmörgum sviðum sem kemur íslensku samfélagi til góða í bráð og lengd. Þriðja markmiðið er að styrkja fótfestu Íslands í samstarfinu í gegnum virka og uppbyggilega þátttöku sem styrkir um leið norrænt samstarf. Innra starf laut einkum að aukinni upplýsingamiðlun og bættri samræmingu og samstarfi innan Stjórnarráðsins.

Þegar lítið er til baka má segja að þau markmið sem lagt var upp með í upphafi hafi að mestu náðst á formennskuárinu. Auk áherslunnar á ungt fólk, sjálfbæra ferðaþjónustu og hafið var unnið ötullega að menningar- og menntamálum, heilbrigðis- og félagsmálum, jafnréttismálum, nýsköpun, orku- og atvinnumálum, þ.m.t. stafrænni væðingu og löggjafarsamstarfi. Umhverfis- og loftslagsmálin voru sett í forgrunn samvinnunnar. Á öllum þessum sviðum vinna Norðurlöndin saman. Þekking og reynsla færirst á milli landa og ný verður til.

Norrænt samstarf er áfram þýðingarmikið fyrir Ísland.

Forsætisráðherrar Norðurlanda

Norrænir forsætisráðherrar hittast venju samkvæmt tvisvar á ári, annars vegar á hefðbundnum óformlegum sumarfundi og hins vegar að hausti í tengslum við Norðurlandaráðsþing. Auk þess hittast forsætisráðherrarnir oftast eftir atvikum að frumkvæði einstakra ríkja eða í tengslum við fundi alþjóðastofnana. Formennskuríki Norrænu ráðherranefndarinnar ber ábyrgð á að samræma þetta samstarf. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni var kraftmikið og þar voru loftslagsmál í fyrirrúmi.

Árið hófst með fundi norrænna forsætisráðherra og norrænna umhverfisráðherra í Helsinki 25. janúar þar sem fylgt var eftir loftslagsfundinum (COP24) í Katowice í Póllandi. Gefin var út sameiginleg yfirlýsing um með hvaða hætti Norðurlöndin hygðust vinna saman að því að ná markmiði um kolefnishlutleysi. Norrænu forsætisráðherrarnir lýstu yfir vilja til að taka saman höndum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, vera leiðandi í loftslagsmálum og efla samvinnu sín á milli á þessu sviði með norræn gildi um velferð og hagsæld að leiðarljósi. Forsætisráðherra átti einnig tvíhliða fund í Helsinki með Juha Sipilä, þáverandi forsætisráðherra Finnlands, þar sem þau ræddu m.a. leiðir til að auka viðskiptatengsl landanna og samstarf á sviði nýsköpunarmála.

Hefðbundinn sumarfundur norrænu forsætisráðherranna var haldinn í Reykjavík 19.–21. ágúst með þátttöku formanna heimastjórna Álandseyja og Grænlands. Lögmaður Færeyja sótti ekki fundinn vegna þingkosninga sem fram fóru í lok ágúst í Færeyjum. Loftslagsmálin voru meginþema fundarins og þar var samþykkt ný framtíðarsýn fyrir Norrænu ráðherranefndina til næstu tíu ára þar sem aðgerðir gegn loftslagsbreytingum eru í forgrunni. Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður ráðs norrænna samstarfsráðherra, og Paula Lehtomäki, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, kynntu framtíðarsýnina. Þá gerði Guðmundur Ingi Guðbrandsson, formaður ráðs umhverfis- og loftslagsráðherra Norðurlanda, grein fyrir framkvæmd Helsinki-yfirlýsingarinnar um kolefnishlutleysi. Forsætisráðherrarnir ræddu einnig stöðu mannréttindamála, þ.m.t. jafnréttismála, félagslega þróun og popúlisma, stöðu alþjóðamála og öryggismál.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, var sérstakur gestur fundar norrænu forsætisráðherranna og tók hún þátt í vinnuhádegisverði þeirra í Viðey. Þar var rætt um tækifæri til að auka samstarf Norðurlandanna og Þýskalands í þeim tilgangi að takast á við áskoranir á alþjóðavettvangi, ekki hvað síst afleiðingar hamfarahlýnunar og stuðning við sjálfbæra þróun. Auk þess var rætt um þróun mála í Evrópu, m.a. með tilliti til útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra átti tvíhliða fund með Merkel í tengslum við heimsókn hennar til Íslands.

Í tengslum við fund norrænu forsætisráðherranna á Íslandi var einnig fundað sérstaklega með fulltrúum norrænna forstjóra um sjálfbæra framtíð (e. Nordic CEOs for a Sustainable Future), en í hópnum eru 14 fyrirtæki á Norðurlöndum sem hafa tilkynnt um samstarf sitt til að vinna markvisst að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Á fundinum með forstjórunum var undirrituð viljayfirlýsing um samstarf með það að markmiði að sporna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum.

Samhliða sumarfundinum átti forsætisráðherra tvíhliða fundi með Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, og nýjum forsætisráðherra Finnlands, Antti Rinne. Á fundunum ræddu forsætisráðherrarnir m.a. stöðu og þróun stjórn mála og efnahagsmála í löndunum og um tvíhliða samstarf ríkjanna.

Í tengslum við loftslagsfund Sameinuðu þjóðanna 23. september í leiðtogavíku 74. allsherjarþingsins í New York, sem haldinn var að frumkvæði Antóníó Guterres, aðalframkvæmdastjóra SP, hafði Ísland forystu um að hvetja til sérstaks átaks norrænu forsætisráðherranna á samfélagsmiðlum til að sýna framtaki Guterres stuðning og leggja áherslu á mikilvægi raunverulegra aðgerða á sviði loftslagsmála. Gott samstarf var við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar við undirbúning þessa.

Í október fundaði forsætisráðherra annars vegar með Antti Rinne, forsætisráðherra Finnlands, og hins vegar með Kim Kielsen, formanni landsstjórnar Grænlands, en þeir tóku báðir þátt í Hringborði norðurlóða sem fór fram í Reykjavík 10.–11. október sl. Þar ræddu ráðherrarnir m.a. um tvíhliða samskipti ríkjanna, loftslagsmál og þróun mála á norðurlóðum.

Í október fór einnig fram 71. þing Norðurlandaráðs, að þessu sinni dagana 29.–31. október í Stokkhólmi. Forsætisráðherra tók venju samkvæmt þátt í þemaumræðu norrænna forsætisráðherra og formanna heimastjórna, þar sem fjallað var um lýðræðislegt hlutverk grasrót-arhreyfinga, stjórnmalaflokka og frjálsra félagasamtaka í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Mette Frederiksen, forsætisráðherra Danmerkur, kynnti formennskuáætlun Dana fyrir árið 2020, en Danir taka við formennskunni í Norrænu ráðherranefndinni af Íslendingum. Þá fundaði forsætisráðherra Íslands með forsætisnefnd Norðurlandaráðsþings fyrir hönd norrænu forsætisráðherranna.

Að venju funduðu norrænu forsætisráðherrarnir (N8) og framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar í tengslum við Norðurlandaráðsþing. Forsætisráðherra Íslands stýrði þeim fundi. Umræðan um loftslagsmál, aðgerðir og eftirfylgni við Helsinki-yfirlýsinguna var efst á dagskrá forsætisráðherranna þar sem rætt var með hvaða hætti Norðurlöndin gætu betur tekið höndum saman í baráttunni gegn loftslagsvánni á alþjóðavettvangi. Einnig ræddu forsætisráðherrarnir um framkvæmd nýrrar framtíðarsýnar fyrir norrænt samstarf.

Forsætisráðherrarnir funduðu með fulltrúum ungmenna þar sem rætt var um sjálfbærni og loftslagsmál, en fundurinn var þriðji samræðufundurinn með ungmennum sem skipulagður var af hálfu íslensku formennskunnar í Norrænu ráðherranefndinni. Þar gafst ungmennunum kostur á að eiga milliliðalaust samtal við forsætisráðherrana og tjá sig um markmið og forgangsroðun verkefna í tengslum við nýja framtíðarsýn.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda

Samstarfsráðherrar Norðurlanda gegna samræmingarhlutverki í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar í umboði forsætisráðherra. Stefnumótun um nýja framtíðarsýn var því á borði samstarfsráðherranna á árinu. Þeir bera ábyrgð á fjárveitingum til fagraráðherraráða og þar með einnig til norrænna stofnana, auk þess að fara með tiltekna málaflokka eins og afnám stjórnsýsluhindrana, alþjóðlegt samstarf og sameiginlegt kynningarstarf út á við.

Samstarfsráðherrarnir héldu alls fimm fundi á árinu og norræna embættismannanefndin (NSK), sem starfar fyrir samstarfsráðherrana, hittist sex sinnum, sem er ívið oftar en á hefðbundnu ári. Þetta réðst einkum af vinnu við mótun framtíðarsýnar fyrir Norrænu ráðherranefndina, sem leidd var til lykta um mitt ár, og vinnu í framhaldinu við að fylgja þeirri stefnumótun eftir.

Fyrsti fundur samstarfsráðherra Norðurlanda á formennskuárinu fór fram í Reykjavík 7. febrúar. Á fundinum voru fjárlög ársins 2020 rædd og framkvæmdaáætlun um frjálsa för innan

Norðurlandanna samþykkt. Áætlunin nær til allra málefna sviða, sérstök áhersla er lögð á samnorræn rafræn auðkenni, viðurkenningu starfsréttinda, samræmdar reglur í byggingariðnaði og millilandasamstarf um samgöngumál. Í áætluninni er mikilvægi stjórnsýsluhindranaráðsins áréttað. Þá ræddu samstarfsráðherrarnir einnig mikilvægi þess að Norræna ráðherra nefndin setji sér skýr forgangsmarkmið þannig að starfið verði markvisst og árangursmiðað auk þess sem formlega var ákveðið að hefja vinnu við nýja framtíðarsýn til ársins 2030. Fundurinn fór fram í húsnæði Sjávarklasans og fengu fundargestir kynningu frá Þór Sigfússyni framkvæmdastjóra á margvíslegri starfsemi tengdri hafinu. Þar var rætt um hlutverk og samvinnu hafna sem athafnasvæða, plast í höfum og mikilvægi norrænnar stefnumótunar um lífhagkerfið sem snýst um sjálfbæra og betri nýtingu lífrænna auðlinda og verðmætasköpun úr auðlindum hafnsins.

Vinna að nýrri framtíðarsýn Norrænu ráðherra nefndarinnar var tilefni aukafundar samstarfsráðherra 24. apríl sem haldinn var á Norðurbyggju í Kaupmannahöfn. Samstaða var um þá áherslu að aðgerðir í loftslagsmálum yrðu að vera áberandi þáttur í nýrri framtíðarsýn Norrænu ráðherra nefndarinnar en jafnframt kom fram skýr vilji til að auka enn samþættingu Norðurlandanna sem svæðis þar sem íbúar geta án vandkvæða ferðast um, stundað nám, starfað eða stofnað fyrirtæki. Samstarfsráðherrarnir ræddu þau sjónarmið sem fram höfðu komið í samráðsferli við fagráðherra ráðin um innihald nýrrar framtíðarsýnar. Var formennskuríkinu og skrifstofu Norrænu ráðherra nefndarinnar falið að gera drög að texta nýrrar framtíðarsýnar. Þetta var fyrsti fundur nýs framkvæmdastjóra ráðherra nefndarinnar, Paula Lehtomäki, sem er fyrsta konan í þessari stöðu og yngsti framkvæmdastjórinn til þessa.

Sumarfundur samstarfsráðherranna var haldinn á Hellu 19. júní. Þar náðist samstaða um nýja framtíðarsýn sem byggist á því að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi innan tíu ára eða fyrir árið 2030. Þrjú stefnumarkandi forgangsmál voru samþykkt til fjögurra ára í senn. Í fyrsta lagi er lögð áhersla á *græn Norðurlönd* sem miðar að grænum umskiptum samfélaganna, að unnið skuli að kolefnahlutleysi, sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi. Önnur áherslan snýst um *samkeppnishæf Norðurlönd* með því að efla grænan hagvöxt sem byggist á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu. Þriðja áherslan um *félagslega sjálfbær Norðurlönd* felur í sér að standa vörð um innri styrkleika svæðisins í heild, með því að vinna að velferðarmálum, jafnrétti og verkefnum sem styrkja samþættingu, samleitni og grundvallargildi samfélaganna. Öllum norrænum ráðherra ráðum er ætlað að stórauka samstarf sitt á þessum sviðum. Eftir þrjú ár eða árið 2022 fá forsætisráðherrar Norðurlandanna skýrslu frá samstarfsráðherrunum um aðgerðir. Önnur formennsku áhersla Íslands um sjálfbæra ferðamennsku í norðri var þema fundarins. Í tengslum við það var staðbundinn matur kynntur ráðherrum og áherslur heimamanna um náttúruvernd og stafræna væðingu til aukinnar sjálfbærni í ferðamennsku. Pétur Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, hélt erindi um þróun íslenskrar ferðaþjónustu.

Samstarfsráðherrarnir hittust næst í Edinborg, Skotlandi, 3. september. Norrænir forsætisráðherrar höfðu fundað tveimur vikum fyrr og formlega samþykkt hina nýju framtíðarsýn. Aðaláhersla fundarins í Edinborg var innleiðing hennar. Forgangsmálin um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd voru í forgrunni og var ákveðið að vinna þrjár aðgerðaáætlanir sem hver um sig styður við þau. Samþykkt var að fela öllum ráðherra ráðum að koma með nýjar tillögur að auknu samstarfi á þessum sviðum þannig að í byrjun árs 2020 liggi fyrir hvaða norrænu verkefni skuli ráðist í. Einnig var rætt um mikilvægi þess að samstarfið höfði í auknum mæli til almennings og tengsl við félagasamtök verði eflað. Þriðja formennsku áhersla Íslands um ungt fólk á Norðurlöndum var þema fundarins. Marie Todd, ráðherra fjölskyldumála í ríkisstjórn Skotlands, ávarpaði fundinn og sagði frá stefnu

skoskra stjórnvalda í málefnum barna og ungs fólks. Þá áttu samstarfsráðherrarnir hádegisverðarfund með Fionu Hyslop, ráðherra ferðamála og alþjóðasamskipta, þar sem rætt var um stöðu Skotlands í breyttum heimi og svæðisbundna samvinnu. Á fundinum kom fram vilji samstarfsráðherranna til að líta í auknum mæli til samstarfs við Bretland, þ.m.t. Skotland, þegar stefnan um *nágranna í vestri* verður endurskoðuð.

Samstarfsráðherra stýrði fimmta og síðasta fundinum á formennskuári Íslands hinn 29. október í Stokkhólmi en fundurinn fór fram í tengslum við Norðurlandaráðsþing. Fjallað var um áframhald vinnu með framtíðarsýnina og stefnumótandi áherslur. Fram kom skýr vilji um að norrænt samstarf verði raunveruleg viðbót við aðgerðir einstakra landa gegn loftslagsbreytingum og til að tryggja að samfélög og efnahagslíf á Norðurlöndunum verði sem sjálfbærust. Siv Friðleifsdóttir, formaður norræna stjórnsýsluhindranaráðsins, gaf samstarfsráðherrum skýrslu um starf ráðsins, en hlutverk þess er að draga úr stjórnsýsluhindrunum. Það er einkar mikilvægt Íslandi þar sem um 30 þúsund Íslendingar búa annars staðar á Norðurlöndunum eða um 8,5% þjóðarinnar. Það er hæsta hlutfall af heild innan Norðurlandanna.

Vestnorræn málefni voru rædd og samþykkt var að styrkja NAUST, nýja stefnumótun um málefni svæðisins. Eitt af markmiðum Íslands á formennskuárinu var að auka norrænt samstarf á Norður-Atlantshafssvæðinu, þ.m.t. við Færeyjar og Grænland. Í Stokkhólmi fundu norrænu samstarfsráðherrarnir með forsætisnefnd Norðurlandaráðs, samstarfsráðherra gaf þinginu skýrslu um starf Norrænu ráðherranefndarinnar í formennsku Íslands og hitti forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins. Þá heimsótti samstarfsráðherra Norrænu rannsóknastofnunina á sviði byggða- og skipulagsmála (Nordregio) og Norrænu velferðarmiðstöðina (Nordens Välfärdscenter) sem báðar eru í Stokkhólmi.

Auk ráðherrafundanna tók samstarfsráðherra þátt í fjölda viðburða innanlands sem utan í krafti formennsku Íslands. Þar má nefna upphafsviðburð formennskuársins sem haldinn var í janúar í Norræna húsinu, vísindaráðstefnuna AAAS í Washington DC í febrúar, erindi á málþingi í tilefni af degi Norðurlandanna í mars, þátttöku í fundi forsætisráðherranna í ágúst, fundi ungmenna á Álandseyjum í lok ágúst (ReGeneration 2030), þátttöku í Lýsu – Rokkhátíð samtalsins á Akureyri sem fram fór í september og framsöguræðu á viðburði um loftslagsmál með ungu fólki sem fram fór í Stokkhólmi 2. desember sl. Síðastnefndi viðburðurinn tengdist COP25 í Madrid og var skipulagður af Norrænu ráðherranefndinni. Samstarfsráðherra kom alls þrisvar til fundar við Íslandsdeild Norðurlandaráðs á árinu og fundaði einnig með forseta og varaforseta Norðurlandaráðs, Hans Wallmark, og Gunillu Karlsson frá Svíþjóð.

Af málefnum sem heyra undir samstarfsráðherrana má nefna stjórnsýsluhindranaráðið sem Ísland veitti formennsku á árinu. Ráðið hefur sett sér það markmið að ryðja úr vegi 8–12 stjórnsýsluhindrunum á ári. Það tókst á liðnu ári sem telja má góðan árangur því eftir því sem stjórnsýsluhindrunum fækkar má skilgreina þær sem eftir eru sem sérstaklega erfiðar. Alþjóðlegt samstarf er sömuleiðis á borði samstarfsráðherranna. Það snýr að stórum hluta að samstarfi við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland en einnig að samstarfi við Bandaríkin, Kanada, Bretland og Írland. Á síðasta ári studdi Norræna ráðherranefndin, að frumkvæði samstarfsráðherranna, við samstarf sendiráða Norðurlandanna og var efnt til fjölmargra verkefna um víða veröld. Norrænu sendiráðin í Berlín nutu sérstaks stuðnings en einnig var ákveðið að styðja sérstaklega norrænt sendiráðasamstarf í Washington DC. Kynningarstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar hélt áfram undir merkjum verkefnisins *TheNordics* en í því er m.a. lögð áhersla á að tilgreina allt það sem norrænt er í öðrum löndum. Loks stýrði Ísland sérfræðingahópi verkefnisins *Generation 2030* þar sem lögð er áhersla á framkvæmd

heimsmarkmiðs SP númer 12 um sjálfbæra framleiðslu og neyslu. Þátttaka ungs fólk er í forgrunni og er verkefni hópsins að fá öll ráðherraráð til að vinna að þessu markmiði.

Fiskveiðar, fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt

Hinn 26. ágúst 2019 fór fram ráðherrafundur norrænna ráðherra auðlindamála í Reykjavík (MR-FJLS). Á fundinum var rætt um áhrif loftslagsbreytinga á Norðurlöndin, sér í lagi hvað varðar landbúnað, sjávarútveg og skógrækt, og það álitæfni hvernig Norðurlöndin geti í sameiningu tekist á við loftslagsbreytingar, m.a. með því að binda koltvísýring í jarðvegi. Á fundinum var einnig ályktað um mikilvægi þess að Norðurlöndin beiti sér fyrir skráningu veiðarfæra og gegn útbreiðslu svokallaðra drauganeta í hafinu, sem eru veiðarfæri sem verða eftir og þarf að fjarlægja.

Í framhaldi fundarins var farið í kynnisferð til Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti þar sem starfsemi stofnunarinnar var kynnt auk þess sem haldin voru erindi um formennskuverkefni Íslands í norrænni samvinnu og verkefnið *Clean Nordic Oceans* sem beinist einkum að baráttunni gegn drauganetum. Að fundi loknum gróðursettu ráðherrarnir tré í Gunnarsholti til þess að kolefnisjafna ferðir sínar og heimsóttu í framhaldi hrossaræktarbylíð á Syðri-Gegnishólum, þar sem kynnt var verkefnið *Horses of Iceland* sem beinist að kynningu íslenska hestsins erlendis og markaðsstarfi sem því tengist.

Formennskuverkefni Íslands.

Formennskuverkefni Íslands, *NordMar*, er að verulegu leyti á málefnasviði ráðherranefndanna um fiskveiðar, fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt. Þá einkum undirverkefnið *NordMarPlast* sem varðar mælingar og viðbrögð vegna örplasts í hafi og *NordMarBioRefine* sem varðar bláa lífhagkerfið og þ.m.t. þarfagreiningu og uppbyggingu lífiðjuvera og *NordMar Havne* sem varðar tækifæri fyrir nýsköpun og nýja orkugjafa í höfnum (Havne som centrum for innovation og energiomstilling).

Í mars fór fram málþing í Norræna húsinu í Reykjavík þar sem forsvarsmenn þessara þriggja formennskuverkefna kynntu þau og tóku þátt í umræðum um málefni hafsins í formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.

Fiskveiðar og fiskeldi.

Fyrir hönd norrænu sjávarútvegsráðherranna stóð embættismannanefndin um sjávarútveg og fiskeldi fyrir nokkrum viðburðum á árinu 2019 og studdi og hleypti af stokkum ýmsum samstarfsverkefnum. Í starfi sínu naut nefndin liðveislu norræns vinnuhóps sérfræðinga (AG-Fisk) um fiskveiðar og fiskeldi eins og venjulegt er.

Nokkrir viðburðir stóðu upp úr í starfi nefndarinnar. Í mars stóð hún fyrir málþingi um stafræna væðingu og þriðju iðnbyltinguna í tengslum við fiskimálaráðstefnu í Bergen í Noregi (North Atlantic Seafood Forum).

Í maí var haldin vinnustofa tengd saltfiskvikunni í Reykjavík. Matreiðslumönnum víðsvegar að var boðið í vinnustofuna til að ræða og elda saltfiskrétti í samstarfi við saltfiskframleiðendur og í október var saltfiskviðburður í Álasundi í Noregi með matreiðslumönnum frá Færeyjum, Íslandi og Noregi. Markmið þessa var að gera saltfiski hærra undir höfði, kynna eiginleikum saltfisks, sögu og menningu, meta stöðuna, velta upp tækifærum og hindrunum og skiptast á skoðunum.

Loks má nefna málþing sem nefndin stóð fyrir í Hörpu, einnig í maímánuði, um rafrænt eftirlit og rafræna vöktun við fiskveiðar og löndun afla en ráðstefnan var hluti hinnar árlegu sjávarútvegsráðstefnu í nóvember í Hörpu.

Landbúnaður og skógrækt.

Embættismannanefndin um landbúnaðarmál kom tvisvar saman á árinu til sameiginlegs fundar með skógræktardeildinni, fyrri fundur var haldinn í Kaupmannahöfn í apríl en sá síðari var haldinn í Reykjavík í nóvember. Á fundunum voru jafnframt aðilar frá Norrænu erfðaaudlindastofnuninni (NordGen), norrænu nefndinni um landbúnaðarrannsóknir (NKJ) sem og samstarfsnetinu um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS). Ýmis mál hafa verið á dagskrá á sameiginlegu fundunum, svo sem verkefni fyrrgreindra stofnana, loftslagsmál og kolefnisbinding, auk framtíðarsýnarinnar.

Yfirskrift árlegs sumarfundar ráðherranefndarinnar sem fram fór 24. ágúst í Reykjavík var áhrif loftslagsbreytinga á norrænan landbúnað og skógrækt og hvernig norrænn landbúnaður getur haft áhrif á frekari bindingu kolefnis. Í kjölfar öfuga í veðurfari á Norðurlöndunum árið 2018 setti norræna ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvælamál og skógrækt (MR-FJLS) á laggirnar tvo sérstaka starfshópa, fyrir annars vegar landbúnað og hins vegar skógrækt, sem áttu að greina umfang og áhrif hinna miklu þurka sem geisðu þetta sumar. Fulltrúi þessara hópa hélt greinargóða kynningu á verkefninu á sumarfundinum.

Matvæli.

Til viðbótar við verkefni í formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni fyrir árið 2019, þar sem ungt fólk, sjálfbær ferðaþjónusta og málefni hafsins voru sett í forgang, ákvað embættismannanefndin um matvælamálefni að frumkvæði Íslands að leggja áherslu á tiltekna viðburði á árinu og setja af stað verkefni á sviði matvælaöryggis til næstu ára.

Með hliðsjón af velferð og heilbrigði ungs fólks vann Matvælastofnun að undirbúningi norrænnar ráðstefnu um neyslu orkudrykkja meðal ungs fólks (Energy drinks and young people). Ráðstefnan var haldin í Reykjavík í október sl. og voru þar fyrirlesarar frá Norðurlöndunum sem fjölluðu um áhættumat vegna neyslu orkudrykkja, áhrif þeirra á svefvenjur og hvaða reglur gilda um efnainnihald þeirra og merkingar. Nýjar upplýsingar um verulega aukningu á neyslu orkudrykkja meðal ungs fólks vöktu mikla athygli og ákvað embættismannanefndin um matvælamálefni að ástæða væri til frekari skoðunar þeirra gagna og upplýsinga sem fram komu á ráðstefnunni.

Nýting afurða hafsins fer stöðugt vaxandi og eru þang og þari meðal þeirra vörutegunda sem nýttar eru bæði til manneldis og sem dýrafóður. Ísland ákvað að leggja fram umsókn um verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, undir forystu Íslands, þar sem áhersla væri lögð á áhættumat vegna neyslu matvæla sem innihalda þang eða þara. Markmiðið er að gefa út skýrslu þar sem fram kemur hverjir helstu áhættuþættir eru við neyslu slíkra afurða, en einnig afla frekari þekkingar um hvernig nýta megi og markaðssetja afurðir úr þangi og þara. Jafnframt er stefnt að því að geta gefið út leiðbeiningar vegna opinbers eftirlits með framleiðslu matvæla úr þessum hráefnum, sem tækju til aðskotaefna, merkinga og þar með bæði næringar- og heilsufullyrðinga við markaðssetningu. Umsóknin var samþykkt og er gert ráð fyrir að verkefnið taki tvö ár með þátttöku fulltrúa Norðurlandanna og því ljúki með útgáfu skýrslu og kynningu leiðbeininga fyrir eftirlitsaðila.

Vinna við sjöttu útgáfu norrænna næringarráðlegginga (NNR) er komin vel af stað og er gert ráð fyrir að verkefninu verði lokið árið 2022. Þetta er eitt umfangsmesta verkefni ráðherranefndarinnar á komandi árum á sviði matvæla og manneldis og Lýðheilsustofnunin í

Noregi stýrir því. Af hálfu Íslands er fulltrúi frá landlæknisembættisins í stjórnunarhópi verkefnisins og tveir fulltrúa frá Háskóla Íslands starfa í vinnuhópi sem er ábyrgur fyrir að meta þróun mála og ný vísindaleg gögn sem birt hafa verið frá fimmtu útgáfu NNR.

Nokkur umræða varð á árinu um sjálfbærni og innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þar koma fram ýmsar áherslur sem jafnframt þarf að skoða í samhengi við það verkefni sem í gangi er vegna sjöttu útgáfu norrænu næringarráðlegginganna, en þar verður lögð meiri áhersla en áður á bæði sjálfbærni og umhverfismál.

Á árinu hefur Ísland tekið mikilvæg skref til að berjast gegn lyfjaónæmi í mönnum, dýrum og umhverfi og á vegum embættismannanefndarinnar um matvælamálefni var sérstök umræða um þau mál á síðari hluta ársins. Markmiðið var meðal annars að fara yfir störf ráðherra-nefndarinnar á þessu sviði og samhæfa eins og unnt er þau verkefni sem nú er unnið að. Tveir norrænir hópar vinna með lyfjaónæmi, annar við stefnumótun og hinn skipaður sérfræðingum á þessu sviði.

Að venju var haldin samnorræn eftirlitsráðstefna á árinu og að þessu sinni í Svíþjóð undir yfirskriftinni *Kontroll och digitalisering – möjligheter och utmaningar*. Þá var unnið að undirbúningi slíkrar ráðstefnu sem haldin verður á Íslandi í byrjun ársins 2020 undir yfirskriftinni *Riskbaserad kontroll – vilja, våga och kunna*. Ráðstefnan á Íslandi verður sú átjándi í röðinni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar en gert er ráð fyrir að fyrirkomulagi þessa samstarfs verði breytt frá og með árinu 2021.

Atvinnu- og orkumál

Sjálfbær uppbygging atvinnustarfsemi og orkuskipti voru stór þættir í formennskuáætlun Íslands. Í tengslum við það voru þrjú formennskuverkefni sett á laggirnar með fjárframlögum frá Norrænu ráðherranefndinni. Tvö þessara verkefna tengdust atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Ferðamennska og náttúra á norðurlöndum er samvinnuverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Hugmyndin byggist á því að nýta tækifæri og takast á við þær áskoranir sem felast í uppbyggingu sjálfbærrar ferðaþjónustu á Norðurlöndum. Verkefninu er skipt upp í þrjú verkþætti og er framkvæmd tveggja þeirra á ábyrgð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, annars vegar verkþáttur um stafræna ferðaþjónustu og hins vegar um staðbundinn mat í ferðaþjónustu. Orkuskipti í ferðaþjónustu eru hluti af þriðja verkþættinum sem fjallar um sjálfbæra ferðaþjónustu.

Hafið – blár vöxtur í norðri er annað áhersluverkefni í formennskuáætlun Íslands og er unnið í samvinnu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Einn verkþáttur þess snýst um nýsköpun og orkuskipti í norrænum höfnum og er hann á ábyrgð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Norrænt samstarf á sviði atvinnustefnu.

Ráðherrar atvinnumála hittust á fundi í Reykjavík 27. júní og norræna embættismannanefndin um atvinnustefnu (EK-N) hélt fjóra fundi á árinu.

Á ráðherrafundinum í júní var tveimur mikilvægum áætlunum formlega ýtt úr vör. Annars vegar áætluninni *Health, demography and quality of life* sem auðveldar aðgengi að heilsufarsgögnum fyrir norrænt vísindafólk og fyrirtæki innan heilbrigðisgeirans. Markmiðið er að aukin notkun gagna muni ýta undir þróun á nýjum vörum, þjónustu og nýskapandi

lausnum til að mæta áskorunum heilbrigðisþjónustu í framtíðinni. Hins vegar áætluninni *Nordic sustainable business transformation* sem hefur það markmið að hvetja norræn fyrirtæki til að leggja áherslu á sjálfbærni. Markmiðið er að flýta umskiptum til lífhagkerfis og hringrásarhagkerfis á Norðurlöndum svo löndin verði leiðandi á því sviði. Báðar þessar áætlanir eru til þriggja ára og hafa 60 millj. norskra króna verið eyrnamerkar hvorri fyrir sig. Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordisk Innovation) hefur umsjón með báðum verkefnum en þau verða unnin í nánu samstarfi við viðskiptaráð landanna, klasa og fyrirtæki, hér á Íslandi í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Íslandsstofu og fleiri aðila.

Á fundinum var einnig ákveðið að fylgja eftir skýrslu Idar Kreutzer um stuðningsumhverfi nýsköpunar á Norðurlöndum. Nokkrar tillögur úr skýrslunni voru valdar til áframhaldandi skoðunar og í lok ársins var samþykkt fjárveiting til að vinna að sameiginlegri greiningu á því hvernig auka megi skilvirkni í opinberum stuðningi nýsköpunar á Norðurlöndum. Miðað er við að verkefnið fari af stað í ársbyrjun 2020.

Í kjölfar fundarins í júní var sett af stað verkefni um gervigreind í atvinnulífi á Norðurlöndum. Afrakstur þess verkefnis mun verða efni í tillögur um hvernig nýta megi opin gögn hjá opinberum stofnunum í þágu nýrra lausna og þjónustu á markaði.

Nordisk Innovation í Ósló skipar veigamikinn sess í starfi EK-N og heldur utan um fjölmörg verkefni til að styðja við áherslur atvinnustefnunnar. Af verkefnum Nordisk Innovation má nefna starfsemi Nýsköpunarhúsa, *Nordic Innovation houses*, sem rekin eru á nokkrum stöðum í heiminum. Í samstarfi við nýsköpunarhúsið í Kísildal í Kaliforníuríki eru haldin námskeið fyrir sprotafyrirtæki sem hyggja á markaðssetningu erlendis. Á árinu voru þrjú íslensk fyrirtæki styrkt af ráðuneytinu til þátttöku í slíku námskeiði. Af öðrum verkefnum Nordisk Innovation má nefna svonefnt hakkapön eða viðskiptaþróunar- og forritunarkeppni á sviði heilbrigðistækni, sem haldin var bæði í Reykjavík og í Helsinki í samstarfi við íslenska fyrirtækið Dattaca Labs. Fleiri viðburðir voru hér á landi í samstarfi við stofnunina.

NOPEF-sjóðurinn, sem einnig heyrir undir ráðherranefndina um atvinnustefnu, veitir markaðsstyrki til fyrirtækja í grænni tækni. Alls voru 66 verkefni styrkt á árinu að andvirði 2,28 millj. evra og voru tvö íslensk fyrirtæki þar á meðal.

Greiningarvinnu um framtíð ferðaþjónustu á Norðurlöndunum lauk með skýrslunni *Nordic Tourism Policy Analysis* sem unnin var undir forystu Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. Í kjölfarið var skipaður norrænn starfshópur um málefni ferðaþjónustu á Norðurlöndum, en sá hópur mun halda utan um innleiðingu aðgerða í kjölfar skýrslunnar og sjá um samhæfingu norrænna verkefna á sviði ferðaþjónustu.

Undir lok ársins var einnig samþykkt að styrkja verkefnið *Blue fashion goes global* sem unnið verður undir formerkjum NAUST-áætlunarinnar. Tilgangur þess er að styðja við norræna tískuhönnun sem byggist á efniviði úr hafinu, þar á meðal fiskroði, þangi og selskinni.

Fundur norrænna byggingar- og húsnæðismálaráðherra var haldinn á Hótel Sögu 10. október, formlega undir hatti EK-N. Húsnæðisráðherrafundurinn varð umfangsmeiri en ráð var fyrir gert í upphafi. Í undirbúningsferli fyrir húsnæðisráðherrafundinn var ákveðið að eiga samstarf við samtökin NBO – Housing Nordic – en það eru samtök rekstraraðila óhagnaðar-drifinna íbúða á Norðurlöndunum. Í tengslum við fund ráðherranna fóru fram hringborðs-umræður með ráðherrunum og forsvarsmönnum úr byggingariðnaðinum á Norðurlöndum og rekstraraðilum húsnæðisfélaga. Byggingar- og húsnæðismálaráðherrar gáfu út yfirlýsingu um að draga þyrfti úr losun koltvísýrings frá húsnæðis- og byggingariðnaðinum á Norðurlöndunum. Þeir skuldbinda sig til að leitast við að vera í fararbroddi á heimsvísu svo Norðurlönd geti orðið það svæði sem mest sækir fram í því að þróa lausnir sem draga úr losun í

byggingariðnaði. Ráðherrarnir vilja sömuleiðis sjá aukið norrænt samstarf til að efla samkeppni og lækka húsnæðiskostnað.

Norrænt samstarf á sviði orkumála.

Ráðherrar orkumála funduðu í Reykjavík 27. júní. Norræna embættismannanefndin um orkumál (EK-E) hélt fjóra fundi á árinu 2019 auk þess sem haldinn var fundur skrifstofustjóra/ráðuneytisstjóra í tengslum við norræna orkuráðstefnu í Reykjavík hinn 1. október.

Norræna orkusamstarfið byggist á samstarfsáætlun sem gildir fyrir tímabilið 2018–2021. Áætlunin er byggð á niðurstöðum stefnumótandi úttektar á norrænu orkumálasamstarfi og greiningar á sóknarfærum í því samstarfi til næstu 5–10 ára. Úttektin var unnin af Jorma Ollila, fyrrverandi forstjóra Nokia. Helstu áhersluþættir snúa að norræna raforkumarkaðnum, orkunýtni, orkurannsóknum, endurnýjanlegri orku til raforkuframleiðslu og samgangna. Í starfi EK-E og vinnuhópa hennar er áhersla lögð á áhrif og samspil Evrópulöggjafar á norrænt orkusamstarf og upplýsingaskipti og samráð um stefnu norrænu landanna í orkumálum.

Fundur norrænu orkumálaráðherranna var haldinn í júní í Reykjavík. Í tengslum við hann var farið í vettvangsferð í Helligheiðarvirkjun þar sem virkjunin og verkefnið Carb-Fix voru kynnt. Á fundinum voru ráðherrarnir á einu máli um að efla enn frekar samstarfið um þau markmið sem fram komu í yfirlýsingu norrænu forsætisráðherranna í janúar 2019 um kolefnishlutlaus Norðurlönd. Hugmyndin er að hlutur norræns orkusamstarfs geti gert gæfumuninn til að ná hinum metnaðarfullu markmiðum yfirlýsingarinnar. Orkumálaráðherrarnir ræddu þar nýju kröfur sem umskipti til kolefnishlutlauss hagkerfis munu gera til orkukerfisins í heild, að norrænum raforkumarkaði meðtöldum. Hinni nýju framtíðarsýn fyrir raforkumarkaðinn, sem ráðherrarnir samþykktu á fundinum í Reykjavík, er ætlað að stuðla að því að Norðurlönd skuli eigi síðar en 2030 hafa samkeppnishæfasta, mest nýskapandi og neytendavænsta raforkumarkað heims, þannig að markmiðunum í loftslagsmálum verði náð.

Áhersluatriði í stefnu Norrænna orkurannsókna (Nordisk Energiforskning, NEF) fyrir árin 2018–2021 lúta að rannsóknum orkukerfa, orkuskiptum í samgöngum, hita og raforku, svæðisbundnum netum og virkum endanotendum. Þá verður fimm norrænum flaggskipsverkefnum; orkugeymslur, orkuskipti á hafinu, lífoldsneyti, stafræn/sjálfvirk orkukerfi og orkutækni á hafi, hleypt af stokkunum. Um 500 millj. danskar kr. verða veittar til öndvegisverkefna sem falla að rannsóknarmarkmiðum NEF. Öndvegisverkefnið lúta að þverfaglegum orku- og umhverfisrannsóknum þar sem aðstæður á Norðurlöndum eru í forgrunni. Nýr forstjóri, Klaus Skytte, tók við starfi hjá NEF í nóvember 2019.

Hinn 1. október bauð Ísland til ráðstefnu með yfirskriftina *Nordic Energy Seminar – The energy system of the future*. Þrír erlendir gestafyrirlesarar héldu erindi um orkustefnur landa sinna, þ.e. Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. Einnig voru flutt erindi frá Norrænum orkurannsóknum. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við starfshóp um mótun langtímaorkustefnu fyrir Ísland og var fjölsótt.

Ísland tók þátt í að setja á laggirnar norræna rannsóknáætlun um orkuskipti fyrir haftengda starfsemi á vegum NEF. Áætlunin fyrir orkuskipti á hafinu byggist á aðferðafræði þar sem þátttökuríki leggja fram upphæð sem sjóðurinn jafnar að lágmarki og bætir við miðað við þátttöku hinna norrænu landanna. Þá mun að lágmarki það framlag sem Ísland leggur fram skila sér til innlendra aðila. Tækniþróunarsjóður leggur fram mótframlag og verður tengiliður við NEF í áætluninni. Sjóðurinn mun hafa um 50 m.kr. til úthlutunar.

Norrænir samstarfsráðherrar (MR-SAM) fóru þess á leit við Norrænu ráðherranefndina um orkumál (MR-E) að skoða möguleika á auknu samstarfi á sviði samgöngumála með því að efna til ráðstefnu um samgöngumál. Ráðherra ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunar og

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tóku vel í erindið og munu bjóða til ráðstefnu í samvinnu við Danmörku, formennskulandið 2020, þar sem umfjöllunarefni verður m.a. orkuskipti í samgöngum. Ráðgert er að boða til hennar á vormánuðum í Kaupmannahöfn.

Ísland sem formennskuríki í norrænu embættismannanefndinni kynnti samstarf norrænu ríkjanna á orkusviði á ráðstefnu sem Norðurlandaráð, undir formennsku Svíþjóðar, hélt í Brussel 20. mars.

Byggðamál

Ráðherranefnd um byggðaþróun (MR-R) hélt fund 27. júní á Grand Hótel Reykjavík. Á fundinum var ný vestnorræn byggðaþróunarstefna samþykkt fyrir Ísland, Grænland, Færeyjar og norður- og vesturhluta Noregs. Gengur stefnan undir nafninu NAUST en vinna að henni hófst í síðustu formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2014. Stefnumörkuninni er ætlað að vísa veginn í vestnorrænu samstarfi með því að bregðast við áskorunum í byggðaþróun. Áhersla er lögð á að styrkja tengsl lykilaðila á svæðinu, efla sjálfbæra þróun byggðarlaga og styrkja og þróa grunnatvinnuvegi. Forgangsröðun verkefna mun byggjast á eftirfarandi áherslusviðum: velferðar- og jafnréttismálum, málefnum hafsins og bláa hagkerfinu, orkumálum, samgöngum og björgun á sjó, sjálfbærni í ferðaþjónustu og menningarmálum. NAUST byggist á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna ásamt því að tengjast öðrum stefnum Norrænu ráðherranefndarinnar, svo sem dagskrá 2030, og stefnum um sjálfbæra þróun, börn og ungmenni og jafnrétti kynjanna. Norræna Atlantshafssamstarfið (NORA) sem er með skrifstofu í Þórshöfn í Færeyjum mun hafa yfirumsjón með framkvæmd og eftirfylgni stefnunnar og mun innleiða markmið og forgangsatríði hennar í sína stefnumörkun.

Í tengslum við ráðherrafundinn var haldinn fundur um fjarheilbrigðisþjónustu í dreifbýli í Norræna húsinu 26. júní. Á fundinum var kynnt sænska formennskuverkefnið 2018 *Health-care and care through distance spanning solutions* og einnig íslensk verkefni á sviði fjarheilbrigðisþjónustu, þar á meðal tilraunaverkefni á Kirkjubæjarklaustri sem styrkt er af byggðaáætlun 2018–2024. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sagði í opunarávarpi sínu mikilvægt að nýta nýjustu tækni til að jafna aðstöðu fólks og aðgengi að mikilvægri þjónustu, hvort sem um ræðir heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu, samgöngur eða fjarskipti. Ráðherra sagði það eitt af markmiðum byggðaáætlunar stjórnvalda að jafna aðgengi almennings um land allt að almennri og sérhæfðri heilbrigðisþjónustu. Alls væru 7 af 54 aðgerðum byggðaáætlunar tileinkaðar heilbrigðismálum, þeirra á meðal væru verkefni um fjarheilbrigðisþjónustu, fæðingarþjónustu og mæðravernd, héraðslækningar og aðgang að geðheilbrigðisþjónustu svo eitthvað væri nefnt. Fundurinn var vel sóttur og var honum einnig streymt.

Vinna við mótun nýrrar samstarfsáætlunar um byggðaþróun og skipulagsmál fyrir árin 2021–2024 hófst seinni hluta árs og var af því tilefni haldin alþjóðleg ráðstefna um tækifæri og áskoranir í byggðaþróun í Háskólanum á Akureyri 12. september. Ráðstefnan var haldin í samvinnu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Byggðastofnunar og Nordregio, rannsóknastofnunar Norrænu ráðherranefndarinnar í byggða- og skipulagsmálum. Leiðandi norrænir og alþjóðlegir sérfræðingar fluttu erindi um tiltekna þætti er varða tækifæri og áskoranir í byggðaþróun til framtíðar. Áhersla var m.a. lögð á ólíka þætti byggðaþróunar, t.d. velferð, þéttbýlismyndun, dreifbýlisþróun, loftslagsmál, þróun á norðurslóðum, og leitað

svara við því hvað hefði skipt mestu máli fyrir þróun svæða fram að þessu. Hver eru mikilvægustu tækifærin og áskoranirnar fyrir framtíðina? Hvernig standa Norðurlöndin og svæði innan þeirra í alþjóðlegu samhengi? Hver eiga helstu áhersluatriði Norðurlanda í byggðaðróun að vera næstu árin? Ráðstefnan var vel heppnuð og vel sótt og fjölmargir fylgdust með í vefstreymi.

Dagana 27.–28. nóvember var haldin árleg ráðstefna í samstarfi við Nordregio undir nafninu Nordregio Forum í Hörpu í Reykjavík, sjá nánari umfjöllun hér á eftir.

Rannsóknastofnun í byggða- og skipulagsmálum (Nordregio).

Nordregio er samnorræn rannsóknastofnun á sviði byggða- og skipulagsmála með aðsetur í Stokkhólmi. Hún heyrir undir ábyrgð norrænu embættismannanefndarinnar í byggðaðróun og skipulagsmálum (EK-R). Stofnunin er leiðandi í rannsóknum og upplýsingamiðlun á sviði byggða- og skipulagsmála. Hún er einnig mjög virk í samevrópsku rannsóknasamstarfi á þessum málefnasviðum. Hjá stofnuninni eru 43 starfsmenn, 26 konur og 17 karlar. Í þessum hópi eru þrír Íslendingar sem er mikilvægt fyrir sýnileika Íslands í verkefnum stofnunarinnar.

Á árinu fór fram umræða um stefnu og starf Nordregio. Í tengslum við þá umræðu var gerð notendakönnun af utanaðkomandi aðila sem náði til allra Norðurlandanna og raunar víðar. Meðal niðurstaðna er að vinna Nordregio er mikilvæg í daglegum störfum notenda, gæði rannsókna eru mikil en eftirspurn er eftir frekari svæðisbundnum upplýsingum. Nordregio mun hafa mikla aðkomu að mótun nýrrar samstarfsáætlunar um byggðaðróun og skipulagsmál og síðar eftirfylgni hennar svo sem verið hefur fyrri ár. Þetta verkefni verður fyrirferðarmikið á árinu 2020.

Nordregio gefur á hverju ári út skýrslur með niðurstöðum einstakra rannsókna. Í nóvember 2019 kom út skýrsla um annað heimili eða frístundaheimili (sumarbústaði). Í þessari skýrslu er fjallað um frístundabyggð í Grímsnes- og Grafningshreppi hvað Ísland varðar. Í skýrslunni eru líka kort sem sýna fjölda frístundaheimila árið 2017 eftir sveitarfélögum og breytingu á fjölda þeirra frá 2010 til 2017. Eru þau kort hluti af kortavefsjá stofnunarinnar (e. NordMap) sem er uppfærð reglulega.

Ráðstefnan *Nordregio Forum 2019 – Skills for Resilient Regions* var haldin í Hörpu í Reykjavík 27.–28. nóvember. Lykilorð ráðstefnunnar voru seigla, færni og sjálfbær ferðapjónusta. Kynntar voru niðurstöður rannsókna, tilraunaverkefni og tillögur að stefnumörkun. Áherslur ráðstefnunnar má rekja til vinnu starfshóps um nýsköpun og svæði með seiglu, *Innovativa och resilienta regioner*, sem er einn af þremur starfshópum undir norrænni samstarfsáætlun í byggðaðróun 2017–2020. Hópurinn hefur á starfstíma sínum gefið út skýrslur um seiglu, stafræna þróun og snjalla sérhæfingu og vinnur að rannsóknum á öðrum sviðum. Hæfni og seigla eru mikilvæg málefni sem skipta miklu máli fyrir byggð á norðurslóðum og mikilvægt er fyrir svæðin að kynna sér og skilja áhrifin. Á ráðstefnunni flutti fjöldi sérfræðinga erindi um það sem efst er á baugi og skoðuðu tengsl við norræna þróun og viðhorf, umræður fóru fram í málstofum og pallborði. Ráðstefnuna sóttu um hundrað manns.

Nordregio heldur eins og fyrr segir utan um starf þriggja vinnuhópa sem embættismannanefndin um byggðamál (EK-R) hefur sett á fót til framkvæmdar samstarfsáætlun sinni 2017–2020. Starfshóparnir njóta starfskrafta sérfræðinga Nordregio í störfum sínum. Meginverkefni hópanna er að stuðla að miðlun þekkingar og reynslu á milli þeirra sem hagsmuna hafa að gæta á sviði byggðamála á Norðurlöndunum. Viðfangsefni hópanna eru sjálfbær þróun strjálbýlis, svæði sem búa yfir nýsköpun og seiglu og sjálfbærar borgir og þróun dreifbýlis. Ísland tekur þátt í starfi allra hópanna sem skipa tvo fulltrúa frá hverju landi,

annars vegar landsfulltrúa og hins vegar fulltrúa svæða. Þá hefur Nordregio umsjón með starfi norðurslóðaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norræna Atlantshafssamstarfið (NORA).

NORA er samnorrænn samstarfsvettvangur á milli Íslands, Færeyja, Grænlands og vestur- og norðurhluta Noregs. Markmið með NORA-samstarfinu er að styrkja verkefni sem gera svæðin að fýsilegum búsetukosti, einkum fyrir ungt fólk, m.a. verkefni sem stuðla að eflingu atvinnulífs, byggða, menningar og velferðar. Mikil áhersla er lögð á samstarf innan svæðisins og miðlun þekkingar og reynslu í byggða- og atvinnumálum. Aðalskrifstofa NORA er í Þórs- höfn í Færeyjum og eru þar sex starfsmenn. Einnig hefur NORA landstengiliði á Íslandi, Grænlandi og í Vestur- og Norður-Noregi.

Nú er í gildi samstarfsáætlun NORA fyrir árin 2017–2020. Í henni er lögð áhersla á sjö svið auk þess sem lögð er sérstök áhersla á ungt fólk. Áherslusviðin eru skapandi greinar, græn orka, lífhagkerfi, sjálfbær ferðapjónusta, upplýsinga- og fjarskiptatækni, velferðarþjónusta og öryggismál/viðbúnaður á hafi.

Á árinu 2019 bárust 37 umsóknir um verkefni. Úthlutað var rúmum 3,9 millj. danskra króna til 13 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í 12 þeirra. Íslendingar fóru með formennsku í nefndinni á árinu. Fyrri ársfundur nefndarinnar var haldinn í Reykholti í Borgarfirði í júní en seinni ársfundur nefndarinnar var haldinn í Inverness, Skotlandi, þar sem nefndin fræddist um byggðamál í Skotlandi. Með því að halda fundinn í Skotlandi voru tengslin við nágretta okkar í suðri, sem glíma um margt við svipaðar áskoranir og NORA-löndin, styrkt.

Á árinu hélt NORA ráðstefnu með *Nordatlantisk tankesmie* þar sem fjallað var um deiliahagkerfi og hvernig hægt er að skapa sjálfbærari samfélög í dreifðum byggðum. Bent var á að þarfar nýrri kynslóða séu ekki endilega þær sömu og þeirra eldri og mikilvægt sé að samfélög þróist í takt við það til þess að halda uppi blómlegri byggð.

Stafræn væðing

Ráðherranefnd um stafræna þjónustu og viðskipti milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (MR-Digital) byggist á samstarfsyfirlýsingu landanna um stafræn málefni (Digital North) sem undirrituð var í Ósló vorið 2017. Á formennskuári Íslands lagði ráðherranefndin um stafræn málefni áherslu á að horfa sérstaklega til samstarfs um stafræna þjónustu milli landa ásamt því að leggja áherslu á samstarf um notkun gervigreindar og uppbyggingu 5G-fjarskiptainnvíða.

Á árinu voru haldnir tveir ráðherra fundir og þrjú fundir embættismanna um stafræn málefni (HNG-Digital) auk óformlegra funda sem löndin héldu til að fylgja eftir ákveðnum málefnum hverju sinni.

Ráðherrar stafrænna málefna hittust í Reykjavík 14. maí þar sem tekin var staða á helstu verkefnum. Á fundinum var m.a. samþykkt aðgerðaáætlun um rafræn skilríki sem er lyklatríði í rafrænni þjónustu á milli landanna. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, sem fer með stafræn málefni, stýrði fundinum. Ráðherrar stafrænna málefna funduðu svo í Riga, Lettlandi, 27. nóvember í tengslum við ráðstefnuna 5G Techritory. Á fundinum var farið yfir árangur ársins og lagðar línur fyrir starf nefndarinnar á nýju ári og í nánustu framtíð.

Embættismenn stafrænna málefna funduðu í Kaupmannahöfn 23. janúar þar sem Ísland kynnti megináherslur formennskunnar. Einnig var fjallað um þær almennu áherslur sem lagðar voru til grundvallar samstarfi á vettvangi MR-Digital á árinu. Embættismenn funduðu aftur

11. apríl í Reykjavík og undirbjuggu fund ráðherranna í maí. Sérstaklega voru skoðuð þau verkefni sem voru í vinnslu. Embættismenn stafrænna málefna funduðu í Kaupmannahöfn 13. september og ræddu framtíð samstarfsins og hvaða áherslur ætti að setja fyrir komandi ár.

Við lok formennskuárs Íslands hefur ráðherranefnd um stafræn málefni lagt megináherslu á þrjú atriði fyrir tímabilið 2021 til 2024 sem styðja við framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar, *Vision 2030*. Nefndin hefur einnig ákveðið fyrstu skref í því ferli að gera stafræna þjónustu aðgengilega þvert á landamæri Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkjanna á tímabilinu. Nefndin hefur auk þess tekið ákvörðun um ráðstöfun þeirra fjármuna sem hún fékk úthlutað fyrir næsta starfsár. Heildarráðstöfunarfé nefndarinnar er 15,2 millj. danskra króna, sem verður varið til eftirtalinnna verkefna:

- Rafrænar auðkenningar milli landa: 10 m.dkr.
- Framþróun 5G-fjarskipta: 2,5 m.dkr.
- Gervigreind og aðgangur að gögnum þvert á landamæri: 1,7 m.dkr.
- Fundir og ráðstefnur: 1 m.dkr.

Í formennsku Íslands tók starf MR-Digital á sig skýrari mynd. Ákveðið var að fækka þeim málum sem sett yrðu í forgang hverju sinni sem hefur gert starfið markvissara á margan hátt. Löndin eru sammála um mikilvægi samstarfsins og kosti þess að hafa sérstakan vettvang um stafræn málefni á meðan komið er á fót nauðsynlegum grunninnviðum til að gera svæðið að samtengdasta svæði heims í stafrænum viðskiptum og þjónustu.

Árið 2020 munu Danir, Færeyingar og Grænlandingar sameinast um formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Stafræna ráðherranefndin verður í fókus hjá Dönum og munu þeir halda ráðherra fund í mars nk. og fund ásamt ráðstefnu haustið 2020. Í tengslum við áætlaðan fund og ráðstefnu næsta haust er stefnt á að útfæra nýja yfirlýsingu um samstarf á sviði stafrænna málefna til næstu fjögurra ára sem ætlað er svipað hlutverk og *Digital North*-samstarfsyfirlýsingunni frá 2017.

Umhverfis- og loftslagsmál

Norrænt samstarf um umhverfis- og loftslagsmál byggist á *Norrænni samstarfsáætlun um umhverfis- og loftslagsmál 2019–2024*. Eftirtalin viðfangsefni eru í forgangi: hringrásarhagkerfið, loftslagsmál og loftgæði, efni, umhverfi og heilsa, líffræðileg fjölbreytni og málefni hafs og stranda. Norrænu umhverfis- og loftslagsráðherrarnir (MR-MK) bera pólitíska ábyrgð á samstarfinu. Hlutverk norrænu embættismannanefndarinnar um umhverfis- og loftslagsmál (EK-MK) og vinnunefndar hennar er að tryggja að áætluninni sé fylgt eftir.

Auk formennskuáætlunar Íslands í Norrænu ráðherranefndinni gaf sameiginleg yfirlýsing norrænu forsætisráðherranna og umhverfis- og loftslagsráðherranna um kolefnishlutlaus Norðurlönd tóninn fyrir starfið á árinu. Í lok ársins var auk þess unnið að því að móta tillögur til að innleiða nýja framtíðarsýn sem miðar að því að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Þau markmið styðja við áður samþykkt forgangsmál um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Fundir norrænu umhverfis- og loftslagsráðherranna.

Að venju voru haldnir tveir ráðherra fundir á árinu. Sá fyrri var í Reykjavík 10. apríl. Á fundinum bar umhverfis- og auðlindaráðherra fram tillögu um að gerð yrði úttekt á áætlunum Norðurlanda um kolefnishlutleysi með það að markmiði að miðla hugmyndum og þekkingu á

Því hvernig hvert land fyrir sig hyggst ná markmiðum sínum. Vænta má að niðurstöður verði kynntar á ráðherrafundi 30. apríl 2020. Önnur mál, eins og markmið í nýjum samningi um líffræðilega fjölbreytni og samskið milli aðgerða á sviði loftslagsmála og líffræðilegrar fjölbreytni, voru einnig rædd. Á fundinum samþykktu ráðherrarnir tillögu umhverfis- og auðlindaráðherra um að senda sameiginlegt bréf til forseta samningsins um líffræðilega fjölbreytni þar sem Norðurlönd hvetja til þess að sett verði raunhæf og metnaðarfull markmið í yfirstandandi samningaviðræðum um ný markmið innan samningsins. Loks samþykktu ráðherrarnir yfirlýsingu um varnir gegn mengun hafsins, einkum plasti, og hvöttu til þess að hafin yrði vinna að alþjóðlegum samningi um þau mál.

Á fundi ráðherranna í Stokkhólmi 30. október sl. var umræða um hringrásarhagkerfið og áhrif á loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni og þau tækifæri sem felast í hringrásarhagkerfinu fyrir efnahagslífið. Fram kom áhugi á að efla sérstaklega norrænt samstarf varðandi plast, vefnaðarvörur, byggingariðnað og tækni. Jafnframt var lögð áhersla á að efla úrgangsförvarnir og bæta meðhöndlun úrgangs. Þá var rætt um hlutverk hagrænna stjórnækja, svo sem skatta, gjalda og ívilnana, til að ná árangri. Tillaga umhverfis- og auðlindaráðherra um að láta fara fram greiningu á áhrifum hringrásarhagkerfisins á efnahagsmál á Norðurlöndum, svo og á loftslags- og umhverfismál og hvernig hámarksárangri í hringrásarhagkerfinu verði náð, var samþykkt. Þá samþykktu ráðherrarnir yfirlýsingu um sjálfbærni hafsins og nauðsyn þess að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga á hafið og setja aukinn kraft í alþjóðlegt samstarf um sjálfbærni, loftslagsmál og málefni hafsins almennt. Markmiðið er m.a. að stuðla að orkuskiptum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá sjávarútvegi og vernda vistkerfi hafsins. Einnig ræddu ráðherrarnir samskið milli aðgerða á sviði loftslagsmála og líffræðilegrar fjölbreytni og mikilvægi þess að beita náttúrulegum lausnum, svo sem skógrækt og endurheimt votlendis, til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. Loks ræddu ráðherrarnir nýja sýn fyrir Norrænu ráðherranefndina þar sem sjálfbærni og græn umskipti eru leiðarljós. Ráðherrarnir voru sammála um nauðsyn þess að vinna að verkefnum sem snúa að samgöngum, t.d. vistvænni flugsamgöngum og grænum samgöngum á sjó og landi, m.a. með það fyrir augum að hætta notkun jarðefnaeldsneytis í ökutækjum.

Formennskuverkefni á sviði umhverfis- og loftslagsmála.

Umhverfis- og loftslagsmál voru stór þáttur í formennskuáætlun Íslands og innan hennar er unnið að skilgreindum verkefnum í þrjú ár (2019 til og með 2021) með fjárframlögum frá Norrænu ráðherranefndinni.

Náttúra, sjálfbærni og ferðamennska á norðurlöndum er samvinnuverkefni milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Hugmyndin er sprottin af þörf fyrir að stuðla að vernd viðkvæmrar náttúru á norðurlöndum en nýta jafnframt þau tækifæri sem felast í vaxandi ferðamennsku í þágu byggðapróunar og atvinnulífs. Verkefninu er skipt í nokkra verkþætti og skiptu ráðuneytin með sér ábyrgð á framkvæmd þeirra. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd eftirtalinna verkþátta:

- Náttúruvernd í þjóðgördum og á friðuðum svæðum á Norðurlöndum, m.a. með hliðsjón af gestastýringu í því skyni að lágmarka áhrif ferðamanna á náttúruna en bæta jafnframt upplifun gesta á helstu áfangastöðum. Umhverfisstofnun stýrir verkefninu.
- Hönnun innviða á ferðamannastöðum, m.a. með það fyrir augum að draga fram sérkenni norrænnar náttúru með því að skapa jafnvægi milli nauðsynlegra mannvirkja og náttúrunnar. Norðurlöndin hafa margar lausnir á þessu sviði sem hægt er að miðla og nýta enn betur með norrænu samstarfi. Hönnunarmiðstöð Íslands stýrir verkefninu.

- Í átt að kolefnishlutleysi í ferðaþjónustunni er mikilvægur verkþáttur sem miðar að því að skoða tækifæri til að auka notkun vistvæns eldsneytis í ferðaþjónustunni í því augnamiði að ná kolefnishlutleysi. Orkustofnun stýrir verkefninu.

Síðari hluta árs 2020 verður efnt til alþjóðlegrar ráðstefnu á Íslandi þar sem niðurstöður framangreindra verkefna verða kynntar og þær stefnumótandi tillögur sem fram verða settar í lokaskýrslum um þau.

Hafið – blár vöxtur í norðri er önnur yfirskrift í formennskuáætlun Íslands. Einn verkþátturinn snýst um plastmengun í hafi. Verkefnið er unnið í samvinnu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. MATÍS stýrir verkefninu og Umhverfisstofnun og Hafrannsóknastofnun leggja sitt af mörkum auk margra annarra norrænna stofnana. Verkefnið felst m.a. í því að þróa aðferðir til að meta magn og umfang plasts í umhverfi hafsins. Jafnframt er unnið að vitundarvakningu meðal almennings, ekki síst ungs fólks, þar sem athygli er vakin á þeirri ógn sem plastmengun er fyrir lífríki hafsins. Í því skyni hefur m.a. verið útbúið kennsluefni fyrir ungt fólk um þetta efni.

Í apríl 2020 verður efnt til vísindaráðstefnu í Reykjavík um plastmengun í hafi (Arctic Plastics 2020). Ráðstefnan er liður í formennskuáætlun Íslands í Norðurskautsráðinu og er hún samstarfsverkefni með Norrænu ráðherranefndinni. Á ráðstefnunni verða niðurstöður framangreinds verkefnis kynntar. Í tengslum við ráðstefnuna verður efnt til vinnustofu fyrir félagasamtök á Norðurlöndum þar sem fjallað verður um hreinsun stranda en norræn félagasamtök hafa á undanförunum árum haft forgöngu um strandhreinsun 6. maí ár hvert. Framtakið hefur vakið mikla athygli og áhuga almennings og hefur fjöldi fólks tekið þátt í að hreinsa strendur í sinni heimabyggð.

Svanurinn og fyrstu 1000 dagarnir í lífi barnsins var yfirskrift ráðstefnu sem haldin var í maí. Norræna umhverfismerkið Svanurinn fagnaði 30 ára afmæli á árinu og margir sem fæddust fyrir um þrjátíu árum eru nú að stofna fjölskyldur og eignast sín fyrstu börn. Afmælið gaf því tilefni til að beina sjónum að þessari kynslóð, varpa ljósi á svansmerktar vörur fyrir fjölskyldur ungbarna og minna á mikilvægi loftgæða og ábyrgrar notkunar efna í nærumhverfi ungra barna. Ráðstefnan var fjölsótt og var einnig streymt til Norðurlandanna.

Kranavatn – Turn the tap on. Markmiðið með verkefninu er að hvetja fólk á Norðurlöndum til að drekka kranavatn og draga úr kaupum á drykkjarvatni í einnota plastflöskum þar sem gott drykkjarvatn er í boði alls staðar á Norðurlöndum. Annað markmið er að draga úr umhverfisáhrifum við framleiðslu og notkun plastflaskna og sporna gegn plastmengun sjávar. Sjónum var sérstaklega beint að þeim mikla fjölda ferðamanna sem heimsækja Norðurlöndin en þekkja ekki gæði kranavatns. Umhverfisstofnun bar ábyrgð á framkvæmd verkefnisins, sem var unnið með stofnunum annars staðar á Norðurlöndum, vatnsveitum, félagasamtökum og atvinnulífinu, þ.m.t. ferðaþjónustunni. *Inspired by Iceland* efndi til átaks til að kynna heilnæmi íslensks vatns, m.a. með myndböndum þar sem hreint og heilnæmt íslenskt vatn er í brennidepli. Í einu myndbandinu var settur upp bar og erlendum ferðamönnum boðið að bragða íslenskt kranavatn við komuna til Keflavíkur. Einnig var vatnspóstum fjölgað í Reykjavík þar sem fólk getur fyllt á fjölnota flöskur. Þá eru fjölnota flöskur nú ýmist gefnar eða seldar á mörgum ferðamannastöðum. Myndbönd um verkefnið má finna á netinu.

Vinnusmiðja um sjálfbæra neyslu og framleiðslu var haldin í nóvember. Markmiðið var að fara yfir áskoranir og tækifæri sem norrænu smásamfélögin standa frammi fyrir varðandi sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur (heimsmarkmið nr. 12) og finna leiðir og aðferðir til að takast á við þessar áskoranir auk þess að veita yfirsýn og styrkja samvinnu milli lítilla sveitarfélaga á Norðurlöndum.

Vinnuhópar í umhverfis- og loftslagsmálum.

Til að endurspeglar áherslur og forgangsmál í nýrri samstarfsáætlun í umhverfis- og loftslagsmálum 2019–2024 voru vinnuhópar stokkaðir upp og nýir stofnaðir. Í vinnuhöpunum sitja sérfræðingar frá Norðurlöndunum og gegna þeir lykilhlutverki við að skilgreina og hrinda í framkvæmd verkefnum sem Norðurlöndin sjá sér hag í að vinna saman að. Dæmigerð verkefni felast í ýmsum greiningum og úttektum þar sem niðurstöðum er miðlað milli landanna og stefnumótandi tillögur settar fram. Einnig gegna verkefni og niðurstöður þeirra veigamiklu hlutverki við að miðla norrænum sjónarmiðum og lausnum á alþjóðavettvangi. Niðurstöður verkefna eru sendar til evrópskra og alþjóðlegra stofnana og efnt er til hliðarviðburða og annarra kynninga á alþjóðlegum samningafundum og ráðstefnum eftir því sem tilefni er til. Eftirtaldir vinnuhópar starfa nú á vegum umhverfis- og loftslagsráðherra: vinnuhópur um hringrásarhagkerfi, vinnuhópur um loftslagsmál og loftgæði, vinnuhópur um efni – umhverfi og heilsu, vinnuhópur um líffræðilega fjölbreytni og vinnuhópur um málefni hafs og stranda.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið – NEFCO.

Árið 2019 var metár í fjölda þeirra verkefna sem NEFCO tók þátt í að fjármagna og voru m.a. samþykkt lán til þriggja íslenskra fyrirtækja. Um þessar mundir er mikil eftirspurn eftir fjármögnun verkefna í Úkraínu, einkum á sviði endurnýjanlegrar orku og bættrar orkunýtni. Eftir að samþykkt var að útvíkka starfssvæði sjóðsins hefur alþjóðlegum verkefnum NEFCO fjölgað en mörg þeirra eru framhald af verkefnum sem hafa fengið fjárstyrk frá NOPEF (Nordic Project Export Fund). Á árinu 2019 var Trond Moe ráðinn nýr forstjóri NEFCO.

Menntamál og rannsóknir

Á árinu var haldinn einn fundur mennta- og vísindamálaráðherra (MR-U) hér á landi, fjórir fundir í embættismannanefndinni um menntun og rannsóknir (EK-U), þar af einn á Íslandi, fundur ráðuneytisstjóra ráðuneyta mennta og vísinda og skrifstofustjórafundur mennta- og vísindamála, báðir á Íslandi. Auk þess voru haldnar níu ráðstefnur, málstofur og fundir um mennta- og vísindamál, þar af einn fundur í Ósló og ein ráðstefna í Kaupmannahöfn.

Fundur Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir.

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir fundaði 9. apríl í Reykjavík. Á fundinum kynnti mennta- og menningarmálaráðherra formennskuáætlun Íslands. Framkvæmdastjóri skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar kynnti nýja sýn í norrænu samstarfi og fjármálaáætlun fyrir 2020. Ráðherrarnir ræddu ítarlega um stöðu kennara í samfélaginu og tungumálasamstarf. Í kjölfarið fólu ráðherrarnir embættismannanefndinni að skilgreina sameiginleg norræn áherslurvið sem geta stuðlað að því að styrkja hlutverk og stöðu kennara á Norðurlöndunum og að vinna áfram að áherslum í tungumálasamstarfinu.

Fjármögnun norrænu samstarfsstofnananna á sviði vísinda.

Peter Stenlund var á árinu 2018 falið að vinna nýja tillögu um framtíðarfjármögnun norrænu samstarfsstofnananna fjögurra, Norrænu kjarneðlisfræðistofnunarinnar (NORDITA), Norrænu sjóréttarstofnunarinnar (NIFS), Norrænu stofnunarinnar um Asíurannsóknir (NIAS) og Norræna eldfjallasætursins (NORDVULK), eftir að ráðherra Íslands lýsti efasemdum um fyrri tillögu ráðherranefndarinnar og dró til baka stuðning Íslands við hana. Stenlund vann í

kjölfarið málamiðlunartillögu í samráði við löndin, stofnanirnar og háskólana sem þær hýsa, og var hún lögð fram á fundi ráðherranefndarinnar til samþykktar. Tillaga Stenlunds var samþykkt skriflega af ráðherrum allra landanna og kynnt á fundi Norðurlandaráðs í lok október sl. þar sem hún var tekin til efnislegrar umfjöllunar og samþykkt.

Framtíðaráherslur í norrænu samstarfi um menntamál.

Samstarfsáætlun um menntun og rannsóknir sem unnið var að á fundum ráðherranna 2017 og 2018 var rædd og síðan samþykkt í skriflegri atkvæðagreiðslu 3. september 2019. Mennta- og menningarmálaráðherra Íslands kynnti samstarfsáætlunina á fundi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 30. október þar sem hún var samþykkt.

Aðgerðaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um hreyfanleika og stöðu vinnunnar við viðurkenningu á menntun og starfsréttindum milli norrænu landanna.

Aðgerðaáætlunin var kynnt og rædd og síðan tekin til frekari vinnslu í embættismannanefndinni í samræmi við umræður ráðherranna.

Norrænt doktorsnám.

Ráðherrarnir ræddu tilmæli Norðurlandaráðs, nr. 23/2018, um norrænt doktorsnám og ákváðu að fela skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar að gera könnun meðal hagsmunaaðila á þörfinni fyrir slíkt nám. Embættismannanefndinni var falið að vinna með skrifstofunni að svari til Norðurlandaráðs í samræmi við umræður ráðherranna og niðurstöður könnunarinnar. Svárið var sent til skrifstofu Norðurlandaráðs í desember 2019 þar sem fram kom að ekki væri talin þörf á norrænni samvinnu um doktorsnám.

Samtal mennta- og menningarmálaráðherra Íslands við formann í hagvaxtar- og þróunarnefnd Norðurlandaráðs um pólitískar áherslur í fullorðinsfræðslu.

Tilfni fundar var að formaður hagvaxtar- og þróunarnefndar Norðurlandaráðs óskaði eftir fundi ráðherra sem formanns í norrænu samstarfi um menntun og rannsóknir um pólitískar áherslur og næstu skref á Norðurlandavettvangi vegna tilmæla Norðurlandaráðs til Norrænu ráðherranefndarinnar um innleiðingu og aukna áherslu á nám fullorðinna og endurmenntun (Tilmæli 36/2017 – 3. des. 2017 og 37/2017 – 28. nóv 2017). Formaður hagvaxtar og þróunarnefndar lagði til að:

- Skoðað yrði frekar hvort *Kunskapslöftet* mætti þróa áfram á norrænum vettvangi. Að haft yrði samband við menntamálaráðherra Svíþjóðar um kynningu á hvernig Svíþjóð innleiddi og studdi fjárhagslega við *Kunskapslöftet* varðandi eflingu stafrænnar hæfni (digitalisation). Einnig að ræða þyrfti hver borgaði fyrir sí- og endurmenntun.
- Áfram yrði rætt þríhliða samkomulag og sátt allra þeirra sem koma að námi fullorðinna til að tryggja sjálfbæra símenntun, m.a. í gegnum nám fullorðinna á vinnustað.
- Formaður ráðherranefndar um menntun og rannsóknir kæmi á fund nefndarinnar til að fylgja samtalinu eftir og hvetja fólk áfram.

Fundur í embættismannanefndinni um menntun og rannsóknir.

Embættismannanefndin hélt fjóra fundi á árinu, einn á Íslandi og hina í Kaupmannahöfn. Helstu málefni fundanna voru:

- Undirbúningur samstarfsáætlunar um menntamál og rannsóknir.
- Aðgerðaáætlun MR-U vegna innleiðingar nýrrar framtíðarsýnar í norrænu samstarfi.

- Fjármögnun verkefna ráðherranefndarinnar.
- Fjármögnun norrænu samvinnustofnananna.
- Eftirfylgni með stofnununum NordForsk og Nordplus.
- Eftirfylgni með vinnuhópnum um fullorðinsfræðslu (NVL).
- Staða kennara í samfélaginu og leiðir til að fjölga kennaranemum.
- Tungumálasamstarf, þ.m.t. undirbúningur endurskoðunar á norræna tungumálasáttmálanum.
- Samstarf um menntun á öllum skólastigum, þ.m.t. gæði leikskóla- og háskólastarfs, hæfni til framtíðar og viðurkenning náms á framhalds- og háskólastigi. Aðgangur að skiptinámi fyrir fatlaða nemendur á háskólastigi.

Fundur norrænna ráðuneytissjóra og skrifstofustjóra sem fara með mennta- og vísindamál.

Haldinn var fundur ráðuneytissjóra og fundur skrifstofustjóra á árinu þar sem meginumræðuefnin voru ný framtíðarsýn og ný samstarfsáætlun í norrænu samstarfi. Einnig var rætt um ábyrgð háskóla í áherslum ráðherranefndarinnar á námi alla ævi og upplýsingatækni. Niðurstöður voru nýttar við gerð samstarfsáætlunar mennta- og vísindaráðherranna og aðgerðaáætlunar vegna nýrrar framtíðarsýnar í norrænu samstarfi.

Norræn leikskólaráðstefna, Ósló, 26.–27. mars.

Ráðstefnan var pólitískur og faglegur vettvangur sem gerði stefnumótendum, vísindamönnum og fulltrúum kennara kleift að ræða þróun og innihald leikskólastigsins, svo sem leik, menntun fyrir alla, fagmennsku og þátttöku foreldra og samfélags.

Norræn ráðstefna um gæði háskólastarfs, Reykjavík, 31. ágúst.

Ráðstefna á vegum íslensku formennskunnar, gæðaráðs íslenskra háskóla og Bologna-samstarfsins um háskóla. Ráðstefnan fjallaði um samfélagslega ábyrgð háskóla og gæðatryggingu í verklegri kennslu. 80 manns frá Norðurlöndunum auk annarra Evrópuríkja, þ.m.t. öllum stúdentahreyfingum Norðurlandanna og sjálfstjórnarríkjanna sóttu ráðstefnuna.

Málstofa um valdeflingu kvenna í akademíu 19. september, hluti af #MeToo-ráðstefnu.

Á #MeToo-ráðstefnu Stjórnarráðsins var haldin málstofa tileinkuð konum í akademíu þar sem m.a. var rætt misvægi kynja innan háskóla, hvort háskólar stæðu frammi fyrir sérstökum áskorunum í tengslum við kynferðislega áreitni og hvað mætti gera til að takast á við þær. Þá fóru einnig fram umræður um hvert hlutverk fræðimanna væri við að takast á við kynjamisrétti í háskólum, vísindum og samfélaginu almennt.

Norræn málstofa um framtíðarhæfni, Kaupmannahöfn, 16. september.

Málstofan um framtíðarhæfni var skipulögð af Norrænu ráðherranefndinni um menntun og rannsóknir í samstarfi við formennsku Íslands. Flutt voru erindi og unnið í átta vinnustofum um símenntun kennara, sjálfbæra menntun og stafræna færni. Afrakstur málstofunnar var m.a. nýttur í samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um menntun og rannsóknir og tillögur að aðgerðum til að vinna að nýrri sýn í norrænu samstarfi.

Málþing ungs fólks utan vinnumarkaðar um menntun og grunnfærni, Reykjavík, 10. október.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Norræna tengslanetið um nám fullorðinna (NVL) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stóðu fyrir skapandi vinnustofu um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 4.7 og aðgengi allra að menntun til 2030. Markhópurinn var ungt fólk á aldrinum

18–30 ára. Ungt fólk hvaðanæva af Norðurlöndum greip tækifærið, tók virkan þátt í umræðum og lagðar voru fram fjölmargar hugmyndir um hvaða leiðir væru færar.

Málþing ungmenna um norrænt tungumálasamstarf, Varmaland, 10. nóvember.

Haldið var norrænt málþing með þátttöku 80 ungmenna frá Norðurlöndunum og sjálfstjórnarsvæðunum og var það eitt af formennskuverkefnum Íslands. Ungmennin ræddu um hlutverk tungumála í nútímasamfélagi, áhrif tækninnar, samfélagsmiðla og áhrif enskunnar og síðast en ekki síst stöðu norrænna tungumála og gagnkvæman norrænan málskilning. Ungmennin skiludu mennta- og menningarmálaráðherra Íslands niðurstöðum og tillögum í átta liðum sem unnið verður áfram með við endurskoðun norræna tungumálasáttmálans auk annarra norrænna samstarfsverkefna á sviði tungumála.

Norræn ráðstefna um leiðsögn við nýliða í kennslu, Reykjavík, 11.–12. nóvember.

Ráðstefnan var lokahnykkurinn á Nordplus-verkefni um stuðning við nýliða sem Kennarasamband Íslands vann í samstarfi við samtök kennara og háskóla á Norðurlöndum. Tilgangur ráðstefnunnar var að mynda vettvang til að ræða leiðsögn við kennara og auka skilning og þekkingu á mikilvægi þess að kennarar fái markvissa leiðsögn í upphafi starfsferils. Þá var fjallað um þörfina á stefnumótun er kemur að leiðsögn og stuðningi við nýja kennara.

Málþing – Tökum höndum saman um að styrkja lýðræði í skólastarfi og menntun fyrir alla, 9.–10. desember, Reykjavík.

Málþingið var hluti af formennskuáætlun Íslands og skipulagt í samstarfi við norræna DÍStengslanetið (demokrati, inkludering og sikkerhet). Meginumræðuefni málþingsins var menntun fyrir alla og lýðræði í skólastarfi. Fjölmargir fyrirlestrar voru haldnir um málefni af íslenskum og öðrum norrænum og evrópskum sérfræðingum. Einnig var sérstök áhersla á þátttöku íslenskra ungmenna og kynningar á ýmsum lýðræðisverkefnum á Íslandi. Málþingið sóttu um 40 fulltrúar Norðurlanda sem sitja fyrir hönd landanna í norrænum, evrópskum og alþjóðlegum starfshópum og nefndum sem vinna að lýðræði, mannréttindum og menntun án aðgreiningar auk 40 fulltrúa Íslands sem vinna að þessum málefnum. Niðurstöður málþingsins verða nýttar í áframhaldandi samstarfi landanna.

Formennskuverkefni Íslands, menntun fyrir alla með áherslu á heimsmarkmið 4.7.

Markmið formennskuverkefnisins er að Norðurlöndin verði í fararbroddi við innleiðingu á fjórða heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna með sérstaka áherslu á undirmarkmið 4.7 sem nær til allra skólastiga. Lögð er áhersla á að börn og ungmenni séu mikilvægasti hagsmunahópurinn og tryggja þurfi til framtíðar raunveruleg tækifæri til lýðræðislegrar og virkrar þátttöku ungmenna í því að ræða og innleiða þennan hluta heimsmarkmiðanna. Verkefnið er í þremur áföngum og er vinna hafin í tveimur þeirra.

Ungmennþingið var skipulagt af ungmennaráðum Samfés og fulltrúum ungmenna frá Norðurlöndunum og tóku um 500 ungmenni frá Norðurlöndum þátt. Viðfangsefni ungmennþingsins; menntun, sjálfbærni, mannréttindi, kynjajafnrétti, heimsborgaravitund, friðsæl menning og tungumál, voru rædd í þaula og verða niðurstöður m.a. nýttar til að þróa námsefni um þessi málefni.

Fræðimenn sem vinna að kortlagningu á heimsmarkmiði 4.7 í lögum, reglugerðum, aðalnámskrám og kennaramenntun áttu fjarfund 19. júní þar sem lögð voru drög að vinnu meistaranema eða nýdoktora. Fræðimenn og meistaranemar hittust í Kaupmannahöfn 22. –23.

september þar sem línur voru lagðar um verkefnið. Vinna við kortlagningu er hafin í öllum löndunum.

Menningarmál

Formennska Íslands á sviði menningarmála (MR-K) var með hefðbundnum hætti árið 2019. Haldnir voru ráðherrafundir og embættismannafundir og ýmis verkefni framkvæmd undir merki formenskunnar. Lögð var áhersla á samstarfsverkefni og að horfa til framtíðar sem og að halda tengslum við formennskuáætlanir fyrri ára til að tryggja samfellu í samstarfinu. Á formennskuárinu var einnig horft til alþjóðlegs samstarfs Norðurlanda, einkum innan UNESCO. Lögð var áhersla á að styrkja verðug verkefni sem féllu að hinum ýmsu áherslusviðum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Fundir Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál.

Að venju voru haldnir tveir ráðherrafundir menningarráðherra Norðurlanda á árinu og var annar þeirra fjarfundur, haldinn í Reykjavík 29. maí. Á þeim fundi tóku ráðherrarnir ákvörðun um sameiginlega menningarkynningu landanna undir yfirskriftinni *Nordic Bridges* sem verður haldin í Kanada árið 2021.

Síðari ráðherrafundurinn var haldinn í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Stokkhólmi 30. október. Þróun norræns menningarsamstarfs til framtíðar og hvernig stuðla megi að sjálfbærri þróun í anda nýrrar framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar var til umræðu á fundinum. Ráðherrarnir áttu gott samtal um nýja stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarsamstarfi. Unnið er að undirbúningi nýrrar samstarfsáætlunar til fjögurra ára og er hún væntanleg á haustdögum 2020. Ákveðið var að halda áfram með verkefnið Volt, menningar- og tungumálaáætlun fyrir börn og ungmenni. Með verkefnunum „Menningarlíf fyrir alla á Norðurlöndum“ og „Heimsbókasafnið“ hefur verið tekist á við áskoranir á Norðurlöndum og leiðir fundnar til að auka hlutdeild nýrra íbúa í menningu og listum.

Ráðherrarnir sammæltust um yfirlýsingu vegna samnings Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (e. UNESCO) frá árinu 1970 um ólöglega verslun með menningarverðmæti. Í yfirlýsingunni er vísað til hlutverks menningararfs í þróun örugggra og friðsælla samfélaga í heiminum og mikilvægi þess að koma í veg fyrir ólöglega verslun með menningarverðmæti.

Fundir í embættismannanefndinni um menningu.

Embættismannanefndin um menningarmál (EK-K) hélt sex fundi á árinu, tvo á Íslandi, tvo í Kaupmannahöfn og tvo fjarfundi. Helstu málefni fundanna voru:

- Menningarkynning utan Norðurlandanna, *Nordic Bridges*, í Kanada árið 2021.
- Undirbúningur samstarfsáætlunar fyrir Norrænu ráðherranefndina um menningarmál.
- Aðgerðaáætlun MR-K vegna innleiðingar nýrrar sýnar í norrænu samstarfi.
- Þróun norræns menningarsamstarfs til framtíðar og vinna við nýja menningaráætlun.
- Fjármögnun verkefna ráðherranefndarinnar.
- Fjármögnun norrænu húsanna.
- Eftirfylgni með verkefnum.
- Samskipti við Kulturanalys Norden.

Viðburðir á sviði menningarmála á formennskuári Íslands 2019.

Málefni barna og ungmenna eru eitt af forgangsmálum norræns samstarfs og á formennskuárinu var sjónum beint að ungu fólki, þar sem áhersla var lögð á virka þátttöku og samtal við ungt fólk. Áhersla var lögð á heimsmarkmið 4.7 sem snýr að því að efla þekkingu og færni tengda sjálfbærri þróun.

Þar helst að nefna verkefnið *Platform GÁTT* sem er eitt af þriggja ára formennskuverkefnum 2019–2021. Verkefnið, eins og nafnið gefur til kynna, er hugsað sem gátt inn á vettvang listahátíða á Norðurlöndum fyrir ungt menntað listafólk og er undir forystu Listahátíðar í Reykjavík. Fimm af stærstu þverfaglegu listahátíðum og stofnunum á Norðurlöndunum vinna í sameiningu að röð viðburða undir merkjum Platform GÁTT. Samstarfsaðilarnir eru Listahátíð í Reykjavík, Bergen International Festival, Nuuk Nordic Culture Festival, Helsinki Festival og Norðurlandahúsið í Færeyjum.

Norræn ungmennaráðstefna á vegum Nordbuk og Generation 2030 um sjálfbæran lífsstíl var haldin í Hörpu 10. apríl, en ungi aðgerða- og umhverfisverndarsinninn Greta Thunberg opnaði ráðstefnuna. Tilgangurinn var að leiða saman ungt fólk, valdhafa og atvinnurekendur frá Norðurlöndunum og ræða lausnir sem leiða til ábyrgari lífsstíls. Alls tóku 150 manns þátt auk þess sem allir norrænu umhverfisráðherrarnir, menningarmálaráðherra og forsætisráðherra Íslands gáfu sér tíma til að leita lausna þegar kemur að heimsmarkmiði 12, ábyrgri neyslu og framleiðslu.

Heimsmínjamaál á norðurslóðum voru í brennidepli á ráðstefnu sem haldin var 24.–25. október í samvinnu við UNESCO. Á ráðstefnunni komu saman fræðimenn og áhugafólk um heimsmínjar og hagsmunaaðilar sem tengjast heimsmínjum á norðurslóðum og miðlun þeim tengdum. Meginmarkmið ráðstefnunnar var að ræða möguleika norðurslóðasvæðisins og með hvaða hætti heimsmínjasvæði geti orðið lyftistöng fyrir sjálfbæra þróun og uppbyggingu.

Ráðstefna um Íslendingasögurnar var haldin 6.–7. september. Á henni var velt upp nýjum og hugmyndaríkum leiðum til þess að koma Íslendingasögnum á framfæri við nýjar kynslóðir og halda þeim á lofti sem hluta af sameiginlegum norrænum menningararfi.

Hinn 18. október fór fram alþjóðleg ráðstefna undir heitinu *True, false or in between* þar sem viðfangsefnið var annars vegar miðla- og upplýsingalæsi með áherslu á fullorðna og hins vegar gæðablaðamenska. Fjölmarginir þekktir fyrirlesarar úr fjölmiðlaheiminum tóku þátt í ráðstefnunni.

Ráðstefnan Arctic Art Summit 2019 var haldin 3.–5. júní í Finnlandi. Verkefnið var unnið í samstarfi við formennskuáætlun Finna.

Verkefnið „Listamenn með innflytjendabakgrunn – þátttaka nýrra borgara í menningarlífinu“ var unnið í samstarfi við formennskuáætlun Norðmanna.

Veðurdagbækurnar (*The Weather Diaries*) er sýning framleidd af Norræna húsinu í Reykjavík og fjármögnuð af Norrænu ráðherranefndinni. Sýningin var fyrst sýnd á Museum Angewandte Kunst í Frankfurt árið 2014 og hefur síðan verið á Ljósmyndasafni Danmerkur í Kaupmannahöfn, Norræna húsinu í Færeyjum, CODA-safninu í Hollandi, Nordic Heritage Museum í Seattle og Danish Cultural Center í hinu vinsæla listahverfi 798 í Peking. Á formennskuárinu 2019 fór sýningin um Eystrasaltlöndin.

Félags- og heilbrigðismál

Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál.

Fundur ráðherranefndar um félags- og heilbrigðismál (MR-S) fór fram í Reykjavík 27. mars 2019. Á fundinum kynnti Árni Páll Arnason, fyrrverandi ráðherra og þingmaður, þær 14 tillögur sem fram koma í skýrslu hans *Þekking sem nýttist – tillögur um aukid norrænt samstarf á sviði félagsmála*. Skýrslan er frá haustinu 2018 og er stefnumótandi úttekt á norrænu samstarfi á félagssviðinu. Þemaumræða ráðherranna snerist um notendasamráð með börnum og fullorðnum í viðkvæmri stöðu en tillögur í skýrslu Árna Páls lúta að slíku samráði. Ráðherrarnir ákváðu að setja þær tillögur í forgang ásamt tillögum um fjarþjónustu í dreifðum byggðum, endurskoðun á starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar, norrænu hagskýrslunefndarinnar og norrænu heilbrigðistölfræðinefndarinnar. Þá var samþykkt samstarfsáætlun á félags- og heilbrigðissviði fyrir árin 2021–2024 og fjallað um norrænt viðbragðsferli til að höndla brunaskaða þegar fjöldi fólks skaðast.

Auk norrænu embættismannanefndarinnar um félags- og heilbrigðismál starfa fjölmargir starfshópar og ráð í umboði ráðherranefndarinnar. Þrjú fundir voru haldnir á árinu 2019 í embættismannanefndinni (EK-S), í febrúar, maí og október.

Formennskuárið.

Stærstu viðburðir á formennskuárinu voru fjórar ráðstefnur. Um 1.300 manns sóttu þær, þar af um 280 gestir frá öðrum löndum. Ráðstefnurnar fóru fram á ensku og voru:

- Norræn ráðstefna um geðheilbrigði barna í mars, undir heitinu *Emotional wellbeing of children: School as the venue for mental health promotion, prevention and early intervention*. Á ráðstefnunni var lögð áhersla á geðrækt, forvarnir og snemmtæka íhlutun og hvernig nýta megi skólakerfið betur til að efla geðheilbrigði barna.
- Norræn ráðstefna um jöfnuð, heilsu og vellíðan í maí undir heitinu *Equity in Health and Wellbeing-Challenges in the Nordic Region*. Þar var rýnt í hið flókna samspil tekna, heilsu og menntunar og leitað svara við því hvaða áhrif fyrrnefndir þættir hafa innbyrðis.
- Alþjóðleg ráðstefna í september undir heitinu *#MeToo Moving forward*. Þar var m.a. fjallað um hvers vegna bylglan náði þessum hæðum árið 2017, hvers vegna áhrifin voru ólík eftir samfélagshópum, samfélögum og löndum. Eins hvaða lærdóm má draga af *#MeToo* hvað varðar fjölþætta mismunun, svo sem vegna kyns, þjóðernis, stéttar, trúarbragða, uppruna, aldurs, fötlunar og kynhneigðar.
- Ráðstefna um rafræna fylgiseðla í október undir heitinu *Electronic patient information leaflet in medicines (E-PIL) and patient's safety*. Þar var fjallað um hvaða sjónarmið og hindranir eru uppi varðandi innleiðingu rafrænna fylgiseðla á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu.

Þá var ýtt úr vör þriggja ára formennskuverkefni Íslands, sem nær til ára 2019–2021, undir heitinu *Fyrstu 1000 dagar barnsins*. Verkefninu stýrir landlæknisembættið og beinist það að því að skoða hvernig efla megi geðheilsu og vellíðan á fyrstu æviárum barna á Norðurlöndunum og hvaða aðferðum er best að beita til að bregðast snemma við áhættuþáttum í lífi þeirra og foreldra þeirra.

Markvissst norrænt samstarf um heilbrigðismál.

Norrænt samstarf á sviði heilbrigðismála hefur mótast af sameiginlegum áherslumálum og þeirri framtíðarsýn í norrænu samstarfi sem sett var fram í skýrslu Bo Könbergs árið 2014. Áfram verður unnið í anda skýrslunnar og m.a. lögð áhersla á samvinnu um bættu geðheilsu, aðgerðir vegna aukins sýklalyfjaónæmis, hvernig þekking innan Norðurlandanna á mjög sérhæfðri lækni meðferð geti nýst á markvissari hátt, aukna samþættingu heilbrigðis- og umönnunarþjónustu með áherslu á aldraða, málefni sem lúta að lýðheilsu og samvinnu á sviði lyfjamála.

Tveir starfshópar um sýklalyfjaónæmi eru að störfum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, stefnumótunarhópur sem hefur það hlutverk að koma með tillögur til stjórnvalda sem miða að því að hindra útbreiðslu sýklalyfjaónæmis og hópur sérfræðinga sem hefur það hlutverk að meta vísindalegt gildi úrræða og rannsókna og vera stefnumótunarhópnum innan handar. Meðal verkefna stefnumótunarhópsins var að leggja grunn að verklagi komandi ára, forgangsraða aðgerðum samkvæmt hvítbók Norðurlandaráðs frá 2018 og leggja drög að fyrstu samnorrænu rannsókninni á dreifingu sýklalyfjaónæmra baktería milli manna, dýra, matvæla og umhverfis. Einnig setti hópurinn af stað verkefni sem byggt verður á reynslu af og upplýsingum sem fengist hafa úr skimunum fyrir sýklalyfjaónæmum bakteríum í ferskum matvælum, með það fyrir augum að gefa út leiðbeiningar um aðgerðir tengdar skimunum.

Samstarfshópur um mjög sérhæfða lækni meðferð fór á árinu yfir hvernig unnt er að efla norrænt samstarf um hátæknilega eða mjög sjaldgæfa lækni meðferð með það fyrir augum að auka gæði og bæta nýtingu fjármuna. Ráðist var í úttekt og kortlagningu á því hvernig heilbrigðiskerfi innan landanna virka með tilliti til mjög sérhæfðrar lækni meðferðar og hvar samvinna um hana mun nýtast betur í framtíðinni.

Í mars 2018 ákvað ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S) að á árunum 2019–2021 yrði lögð áhersla á að skoða hvernig hægt er að byggja upp betur samþætta heilbrigðis- og umönnunarþjónustu, með sérstaka áherslu á aldraða og sjúklinga. Gerð verður könnun og þekkingu um efnið miðlað milli landanna. Haldinn var upphafsfundur um verkefnið í Stokkhólmi í nóvember.

Samstarf á norrænum lýðheilsuvettvangi hefur staðið frá 2016. Upphaflega var áætlað að það næði til þriggja ára en ákveðið hefur verið að framlengja það til a.m.k. ársloka 2020. Markmiðið er að draga úr heilsufarslegum ójöfnuði á Norðurlöndunum. Vettvangurinn hefur lagt til verkefni sem hafa verið samþykkt og fjármöggnuð og eru m.a. um heilsufarslegan jöfnuð, geðheilsu ungmenna, kannabisneyslu og áfengis- og tóbaksnotkun.

Norðurlöndin hafa með sér bæði formlegt og óformlegt samstarf um áfengis- og vímuvarnir og norræni embættismannahópurinn um áfengi (Nordiska tjanstemannagruppen på alkoholområdet) og norræni embættismannahópurinn um vímuefni (Nordiska tjanstemannagruppen för narkotikafrågor) funduðu í Reykjavík á árinu. Á fundinum um áfengismál kynnti Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) skýrslur og áherslur í áfengismálum. Á fundinum um vímuefnamál var m.a. fjallað um flokkanir á nýjum vímuefnum, svokölluðum NPS-efnum (new psychoactive substances), afrefsivæðingu í tengslum við ólögleg vímuefni og neyslurými. NVC stóð fyrir rannsóknaverkefni þar sem skoðuð var skaðsemi áfengis vegna eigin drykkju eða annarra í þeirra umhverfi á mismunandi æviskeiðum. Niðurstöðurnar verða mikilvægar fyrir stefnumótun í málaflokknum. Norræna vímuvarnarádstefnan var haldin í Nuuk í Grænlandi. Þar var m.a. fjallað um afrefsivæðingu vegna vímuefna og þróun löggjafar um vímuefni á alþjóðlegum vettvangi. Þá kynnti Ísland nálgun sína á verkefni um heilsueflandi skóla á sérstökum fundi með grænenskum menntamálayfirvöldum.

Norrænn vinnuhópur um geðheilsu hefur verið starfandi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um nokkurra ára skeið og fékk nýlega endurnýjað umboð. Hópurinn hittist í Reykjavík á formennskuárinu og ræddi m.a. jöfnuð til geðheilsu og þvingun og mannréttindi í meðferð geðsjúkra. Fundurinn var haldinn í tengslum við ráðstefnuna *Equity in Health and Wellbeing: Challenges in the Nordic Region*, sem haldin var á vegum heilbrigðisráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina.

Fjallað hefur verið um stjórnsýsluhindrun, sem lýtur að fylgiseðlum með lyfjum, í ráðherranefndinni og embættismannanefndinni að frumkvæði Íslands. Í því máli leggur Ísland áherslu á að norrænni samstöðu verði náð um að Evrópureglum verði breytt þannig að heimilt verði að styðjast við rafræna fylgiseðla með lyfjum til að lækka verð og auka öryggi sjúklinga. Heilbrigðisráðherra undirritaði bréf fyrir hönd norrænu heilbrigðisráðherranna til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að skoðað yrði að opna heimild til að notast við rafræna fylgiseðla með lyfjum. Einnig fundaði vinnuhópur um norræn lyfjamál þar sem m.a. var rætt um nýjar meðferðir, viðbrögð við lyfjaskorti, heilbrigðistækni, verðlagningu og samninga um ný lyf, umhverfisáhrif af lyfjaframleiðslu og lyfjakaupum, sölu lyfja á netinu, aukna lyfjafræðilega umsjá og útboð lyfja. Ísland tók þátt í fyrsta samnorræna lyfjaútboði sínu með Danmörku og Noregi á árinu.

Gefin var út skýrsla um norrænt samstarf um staðla fyrir stafræna heilbrigðisþjónustu (eHealth Standardization in the Nordic Countries), af undirhópi starfshóps um rafræna heilbrigðisþjónustu (eHealth group). Slíkir staðlar munu auðvelda samstarf um heilbrigðisþjónustu á milli landa.

Norræna tannlækningastofnunin – NIOM, sem er að hluta til fjármögnuð af Norrænu ráðherranefndinni, rannsakar og fylgist með gæðum og öryggi efna sem notuð eru til tannlækninga á Norðurlöndunum og miðlar upplýsingum til heilbrigðisyrvalda, heilbrigðisstarfsfólks og almennings. Eignarhald NIOM, sem var í meirihluta eigu háskólans í Ósló fluttist yfir til norsku rannsóknarstofnunarinnar NORCE á árinu, en stjórn og sýn NIOM eru áfram samnorræn.

Norrænt samstarf um almannatryggingar.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar fylgist með sameiginlegum alþjóðlegum reglum um almannatryggingar er gilda milli Norðurlandanna, þ.m.t. Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, og framkvæmd þeirra og metur þörf á breytingum á samningnum. Hópurinn fjallar um almannatryggingamál er varða ríkin sameiginlega, sérstaklega möguleika á norrænu samstarfi innan ESB/EES varðandi almannatryggingareglugerðir ESB um samhæfingu almannatryggingakerfa milli landanna. Árið 2019 var áfram fylgst með vinnu við tillögur um breytingar á almannatryggingareglugerð ESB sem er hluti EES-samningsins og sem nú er til umfjöllunar í ráðherraráði ESB. Útganga Bretlands úr ESB og þar með úr EES var einnig til umræðu, áhrif hennar á réttindi fólks er fer á milli landanna og til hvaða aðgerða Norðurlöndin hafi gripið í því sambandi. Hópurinn fjallaði um og fylgist áfram með þróun mála í Svíþjóð og hugsanlegum lagabreytingum á sviði lífeyristrygginga í kjölfar máls hjá Evrópudómstólnum og hvaða áhrif það hefur á réttindi til greiðslna við för milli landanna. Einnig var rætt um ný lög í Finnlandi sem varða rétt til bóta við flutning til og frá Finnlandi.

Norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks.

Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks hélt sinn fyrsta fund á árinu á Íslandi í mars. Í tengslum við fundinn var haldin ráðstefna um sálræna/tilfinningalega heilsu í skólanum þar sem áhersla var á mikilvægi samþættingar þvert á fagstéttir, stofnanir og kerfi. Á fundinum

voru kynntar nýjar áherslur í félagsmálaráðuneytinu þar sem sérstök áhersla er lögð á málefni barna. Í júní tóku fulltrúar ráðsins þátt í ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðs fólks (SSRF) og í september ráðstefnu *International Initiative for Disability Leadership (IIDL)* í Washington DC, þar sem lögð var áhersla á aukna þekkingu forystumanna í velferðarþjónustu til að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Í október hélt ráðið fund þar sem fjallað var um sjónarhorn barna og ungmenna og hvernig hægt væri að samþætta þau í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Einnig var fjallað um þær hindranir sem fatlað fólk mætir þegar það ferðast innan Norðurlandanna. Þá fékk ráðið kynningu á nýrri framtíðarsýn þar sem stefnt er að því að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Í umsögn um framtíðarsýnina lagði ráðið áherslu mikilvægi þess að sérstaklega yrði horft til málefna fatlaðs fólks.

Samningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

Nefnd um endurskoðun samningsins um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu hefur farið ítarlega yfir tengsl samningsins við regluverk Evrópusambandsins, einkum hvað varðar mismunun á grundvelli þjóðernis. Tillögur að breytingum á samningnum hafa verið sendar embættismannanefndinni, sem ákvað 2019 að leita eftir lögfræðilegri álitsgerð um þær. Vinna við slíka álitsgerð er ekki hafin. Til stendur að taka málið aftur upp hjá embættismannanefndinni á næsta ári.

Norræna velferðarmiðstöðin.

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) sinnir margvíslegum verkefnum á sviði félags- og heilbrigðismála. Áframhaldandi vinna fór fram í tengslum við velferðartækni auk þess sem sjónum var beint að lífsgæðum aldraðra. Lýðheilsa barna og ungmenna ásamt jöfnuði í heilsu var einnig mikið til umfjöllunar á árinu eins og sjá má á útgáfu NVC. Öflugt samstarf hélt áfram varðandi aðlögun innflytjenda sem og samstarf um málefni fatlaðs fólks. NVC gaf út talsvert efni í tengslum við fyrrnefnda málaflökka, bæði skýrslur og hláðvarpsþætti, auk þess sem miðstöðin heldur utan um samráðshópa í þeim tilgangi að efla norrænt samstarf og þekkingu. Vinna við endurskoðun á hlutverki NVC hófst um mitt ár í tengslum við skýrslu Árna Páls Árnasonar. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki 2020.

Norrænt samstarf um heilbrigðisviðbúnað (Svalbarðshópur).

Megin viðfangsefni Svalbarðshópsins á árinu var gerð nýrrar vefsíðu sem verður opnuð 2020. Unnið var með norræna samninginn um gagnkvæma aðstoð vegna brunasjúklinga sem undirritaður var 2018 og haldnar æfingar á grunni hans þar sem hugað var að innra skipulagi landanna. Erindi frá Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) um aukna samvinnu og erindi um meiri tengingu við alþjóðaheilbrigðisreglugerðina (IHR) var afgreitt. Þá fóru fram umræður um heilsufarslegar afleiðingar af hlýnun jarðar en ljóst er að þetta efni verður eitt af helstu umræðuefnum hópsins á komandi árum. Eitt af stóru málunum árið 2020 verður áframhaldandi umræða um gagnkvæma aðstoð Norðurlandanna á flutningi alvarlegra veikra einstaklinga milli landa þar sem endanleg niðurstaða fékkst ekki í þeim efnunum árið 2019.

Norrænt samstarf um starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Farið var yfir stöðuna á innleiðingu nýrra ákvæða Arjeplog-samningsins, samningsins um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna. Breytingar á samningnum voru undirritaðar í desember 2018 og taka gildi þegar þær hafa verið samþykktar alls staðar á Norðurlöndunum. Beðið er eftir samþykki Finnlands. Gerð var grein

fyrir því að Noregur og Ísland hafa ekki enn innleitt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2013/55/ESB frá 20. nóvember 2013 um breytingu á tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegru menntun og hæfi o.fl. Ljóst er að innleiðing ofangreindrar tilskipunar hefur í för með sér auknar kröfur varðandi umsýslu starfsleyfa. Finnar og Svíar hafa hert kröfur um tungumálakunnáttu varðandi starfsleyfisveitingar, sem virðist hafa haft það í för með sér að umsóknum um starfsleyfi hefur fækkað. Þá var umræða um hvað Brexit hefði í för með sér varðandi starfsréttindi heilbrigðisstétta, en sum löndin hafa sett sér lög og eða reglur um hvernig afgreiðslu starfsleyfa umsækjenda frá Bretlandi verði háttáð eftir útgöngu Breta.

Norræn hagskýrslunefnd og norræn heilbrigðistölfræðinefnd Nososko – Nomesko.

Umfangsmesta verkefni ársins var þróun og innleiðing á hugbúnaði fyrir úrvinnslu og gagnvirka framsetningu tölfræðiupplýsinga á sviði félags- og heilbrigðismála. Gagnvirk birting á vef mun auðvelda aðgengi haghafa að tölulegum upplýsingum sem nýta má til stefnumótunar auk markvissrar miðlunar á þekkingu á sviði félags- og heilbrigðismála. Ný vefsíða Nososko og Nomesko verður tekin í notkun í febrúar 2020. Meðal annarra stórra verkefna var óháð úttekt á norrænu velferðarvísunum (NOVI) sem voru eitt þriggja formennskuverkefna Íslands árið 2014. Vísarnir gefa vísbendingar um samfélagsþróun og áhrif þjóðfélagsaðstæðna á almenning og einstaka hópa þannig að stjórnvöld geti eins fljótt og auðið er gripið til mótvægisáðgerða. Niðurstaða úttektarinnar var jákvæð varðandi notagildi vísanna.

Enn fremur hófst endurskoðun á hlutverki nefndanna með hliðsjón af skýrslu Árna Páls Árnasonar *Þekking sem nýtist – Tillögur um auknið norrænt samstarf á sviði félagsmála*. Þá var unnið að verkefni í tengslum við formennsku Íslands, þar sem gerð er fræðileg úttekt á mælivísunum sem gefa til kynna félagslegan ójöfnuð í heilsu á Norðurlöndunum auk þess að fjalla um þær áskoranir sem Norðurlöndin standa frammi fyrir á því sviði.

Norrænt samstarf um sjaldgæfa sjúkdóma.

Embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál stofnaði á árinu 2016 norrænt samstarfsnet um sjaldgæfa sjúkdóma (Nordic Network on Rare Diseases, NNRD). Þar fer fram fræðsla og miðlun þekkingar um hin ýmsu verkefni á sviði sjaldgæfra sjúkdóma. Starfið hefur styrkt samstarf milli stofnana í löndunum sjálfum. Þetta hefur reynst fámennari löndunum mikilvægt, m.a. vegna þess að fjölmennari þjóðirnar eru komnar lengra t.d. í skipulagi og mótun landsáætlana á sviði sjaldgæfra sjúkdóma. Á árinu voru umræddar landsáætlanir meðal þess sem var efst á baugi. Lagt var til að Norðurlöndin kæmu sér saman um meginatriði í landsáætlunum og að hópurinn stuðlaði að útgáfu á samnorrænu sniðmáti í því skyni. Einnig var lögð áhersla á að Norðurlöndin kæmu á skráningu á sjaldgæfum sjúkdómum til að auka þekkingu á fjölda þeirra sem eru veikir og stuðla að samnorrænum rannsóknum og auknu samstarfi. Vegna fámennis á Íslandi koma upp fá tilvik af einstökum sjaldgæfum sjúkdómum. Góð samvinna um kortlagningu, greiningu og meðferð er því mikilvæg. Tillögur um næstu skref í samstarfinu voru unnar á árinu og komið á framfæri við embættismannanefndina um félags- og heilbrigðismál.

Jafnréttismál

Á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni voru liðin 45 ár frá því ákveðið var á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar að hefja formlegt samstarf á sviði jafnréttismála. Norræna samstarfsáætlunin um jafnréttismál fyrir tímabilið 2019–2022 var samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í nóvember 2018. Markmiðið með henni er að stuðla að skilvirku og árangursríku jafnréttissamstarfi stjórnvalda á Norðurlöndunum. Í henni eru fjögur meginefni; vinnumarkaður framtíðarinnar og hagvöxtur, velferð, heilsa og lífsgæði, völd og áhrif og jafnréttisstarf með áherslu á karla og karlmennskuímyndir.

Þá er lögð rík áhersla á að stefna Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu jafnréttis-sjónarmiða við alla starfsemi ráðherranefndarinnar komi til framkvæmda samhliða jafnréttis-áætluninni. Forsætisráðherrar Norðurlandanna stóðu á tímabilinu 2017–2019 fyrir verkefninu norræn kynjaáhrif á vinnumarkaði – *Nordic Gender Effect at Work* – sem hafði að markmiði að stuðla að rannsóknum og miðla reynslu Norðurlandanna af aðgerðum í þágu kynjajafnréttis á vinnumarkaði og aukinni atvinnuþátttöku kvenna. Undir merkjum verkefnisins hefur m.a. verið fjallað um skiptingu fæðingarorlofs, dagvistun barna, sveigjanlegan vinnumarkað, aukið jafnrétti í stjórnunarstöðum í kjölfar sértækra aðgerða stjórnvalda og hvernig mikil atvinnuþátttaka kvenna hefur stuðlað að hagvexti og velsæld norrænna samfélaga.

Ísland lagði áherslu á eftirfarandi málefnasvið í formennskuáætlun sinni í samræmi við nýja samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar: Ofbeldi gegn konum og samfélagslegar afleiðingar þess með hliðsjón af *#MeToo*-hreyfingunni, jafnrétti á vinnumarkaði og jafnlaunamál, karla og jafnrétti ásamt jafnrétti á Vestur-Norðurlöndum og norðurslóðum. Yfir 2000 manns sóttu viðburði í tengslum við jafnréttissamstarf Norðurlandanna á árinu og óhætt er að segja að það hafi verið bæði viðburðaríkt og fróðlegt.

Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna.

Norrænu jafnréttismálaráðherrarnir tóku þátt í 63. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women, CSW) í New York sem fram fór 11.–22. mars. Í aðdraganda fundarins afhentu ráðherrar jafnréttismála á Norðurlöndunum Phumzile Mlambo-Ngcuka, framkvæmdastjóra jafnréttisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UN Women), sameiginlega yfirlýsingu um að Norðurlöndin legðu þunga áherslu á árangur í jafnréttismálum við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Meðal þeirra verkefna sem Norðurlöndin vilja nýta sem leiðarvísi er átaksverkefni forsætisráðherra Norðurlandanna, *The Nordic Gender Effect at Work*, og öndvegissetur Norrænu ráðherranefndarinnar um norrænar lausnir, sem m.a. hefur beinst að aðgengi að dagvistun, foreldraorlofi, jafnlaunamálum og efna-hagslegri valdeflingu kvenna. Á fundi kvennanefndarinnar stóð Norræna ráðherranefndin undir forystu Íslands að þremur viðburðum. Einnig áttu stjórnvöld samstarf um viðburð um þátttöku kvenna í friðarumleitunum í samstarfi við Íslandsdeild norrænna samtaka kvenna um friðsamlegar lausnir á vopnuðum átökum, *Nordic Women Mediators*.

Ráðherranefnd um jafnréttismál.

Ráðherranefnd jafnréttismála (MR-JÄM) hittist í Reykjavík 17. september. Á fundinum var ákveðið að fjármagna þriggja ára rannsóknaverkefni um kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustöðum sem ætlað er að undirbygga framtíðarstefnumótun nefndarinnar á sviði jafnréttismála. Á fundinum var jafnframt tekin ákvörðun um að útvíkka jafnréttissamstarfið þannig að það tæki einnig til málefna hinsegin fólks. Þetta er í samræmi við breytingar sem

nú þegar hafa átt sér stað víða á Norðurlöndum og fela m.a. í sér áherslubreytingar í löggjöf til að tryggja aukna vernd gegn mismunun á grundvelli kynvitundar, kyneinkenna, kynþjáningar sem og kynhneigðar. Einnig fór fram umræða um samstarf Norðurlandanna við UN Women vegna endurmats á framkvæmdaáætlun SP um málefni kvenna frá árinu 1995 sem fram fer á árinu 2020. Fundur ráðherranna var haldinn í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu um #MeToo-hreyfinguna sem var hluti formennskuáætlunar Íslands.

Ráðstefnur og rannsóknaverkefni.

Í framhaldi af ákvörðun ráðherranefndarinnar á árinu 2018 um að ýta úr vör verkefnum um karla og jafnrétti var efnt til samstarfs við alþjóðlegu samtökin *Promundo*. Frá stofnun samtakanna árið 1977 hafa þau unnið að því að virkja karla og drengi í starfinu gegn valdamisvægi kynjanna og baráttunni fyrir upprætingu ofbeldis gegn konum. Verkefni *Promundo* var að hafa umsjón með gerð könnunar, í samstarfi við háskóla á Norðurlöndunum, í því skyni að afla upplýsinga um viðhorf foreldra ungra barna um staðalmyndir karlmennsku, foreldrahlutverkið og jafnrétti. Markmið var m.a. að varpa ljósi á mikinn kynjamun í nýtingu foreldraorlofs og umönnun ungra barna en þrátt fyrir að feðraorlof hafi verið innleitt fyrir mörgum árum nýta ekki allir karlar rétt sinn. Niðurstöðurnar voru teknar saman í skýrslu og kynntar á fundi ráðherranna í september og á ráðstefnu í Kaupmannahöfn í nóvember. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, flutti ávarp á ráðstefnunni og tók þátt í pallborðsumræðum.

Ísland lagði einnig áherslu á karla og jafnrétti á formennskuárinu og stóð fyrir rakarastofuráðstefnum í Kaupmannahöfn og í Þórshöfn í Færeyjum. Fjallað var um uppbot staðalmynda karlmennskunnar og karlar í ábyrgðarstöðum voru hvattir til virkrar þátttöku í að auka jafnrétti. Ráðstefnan í Kaupmannahöfn var haldin í maí í samstarfi við samtök kvenna í dönsku atvinnulífi og var þar lögð áhersla á áhrif kynjabilsins í stjórnunar- og ábyrgðarstörfum á vinnumarkaði á Norðurlöndunum.

Í tilefni aldarafmælis Alþjóðavinnuáætlunarinnar (ILO) var í apríl í samstarfi ráðherranefnda um jafnréttismál annars vegar og vinnumál hins vegar efnt til ráðstefnu um vinnumarkað framtíðarinnar. Stofnunin hefur birt skýrslur um nauðsynlegar aðgerðir aðildarríkjanna til að mæta breytingum á vinnumarkaði þar sem m.a. er mælt með að þjóðir heims innleiði umbætur sem auki atvinnuþátttöku kvenna, fjárfesti í fæðingarorlofi og vinni gegn frekari kynjaskiptingu starfa. Í aðdraganda ráðstefnunnar fór fram málþing um jafnlaunamál og aðferðafræði launarannsókna. Málþingið sóttu rúmlega 80 manns frá yfir tuttugu löndum.

Í maí 2019 stóð forsætisráðuneytið í samstarfi við félagsmálaráðuneytið í Færeyjum og Norrænu ráðherranefndina fyrir tveggja daga viðburði í Þórshöfn í Færeyjum. Annars vegar var um að ræða ráðstefnu um jafnrétti á vinnumarkaði og hins vegar rakarastofu um karla og jafnrétti. Alls sóttu tæplega 80 þátttakendur hvorn viðburð, af báðum kynjum, og voru margir þeirra leiðtogar og áhrifavaldar á sínu sviði, til dæmis stjórnendur í fyrirtækjum, fræðimenn úr háskólasamfélaginu sem og stefnumótandi aðilar í opinbera geiranum. Markmið rakarastofunnar er að virkja karla í baráttunni fyrir auknu kynjajafnrétti. Mikill pólitískur áhugi var á rakarastofunni og tóku alls sex ráðherrar í ríkisstjórn Færeyja þátt í dagskrá hennar.

Dagana 17.–19. september fór fram í Hörpu alþjóðleg ráðstefna um #MeToo-hreyfinguna sem skipulögð var í samstarfi forsætisráðuneytisins, Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands og Norrænu ráðherranefndarinnar. Yfir 800 manns skráðu sig til þátttöku og telst ráðstefnan því vera með stærri ráðstefnum sem haldnar hafa verið um #MeToo. Um áttatíu fyrirlesarar tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá og meðal þeirra voru heimsfrægir fræðimenn og aktívistar eins og Angela Davis, Roxane Gay, Liz Kelly, Marai Larasi og Cynthia Enloe. Leitast var við að greina áhrif #MeToo og þær samfélagsbreytingar sem taldar eru

nauðsynlegar í kjölfar krafna frá hreyfingum kvenna. Þá voru kynntar nýjar rannsóknir, m.a. um umfang kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis auk eineltis á íslenskum vinnumarkaði, en sú rannsókn var unnin að frumkvæði íslenskra stjórnvalda.

Á alþjóðáþingi Hringborðs norðurslóða sem fram fór í Hörpu dagana 10.–13. október stóðu Jafnréttisstofa, utanríkisráðuneytið og Norðurslóðanet Íslands að viðburði um jafnréttismál á norðurslóðum. Viðburðinum var ætlað að vera framhald af þeirri umræðu sem fram fór í tengslum við ráðstefnu sem haldin var á formennskuári Íslands árið 2014 undir yfirskriftinni *Gender Equality in the Arctic, Current realities, future challenges*. Markmiðið er að stuðla að samræðum um stefnumótun um aukið jafnrétti á norðurslóðum, einkum um þætti sem lúta að viðfangsefnum framtíðarinnar í ljósi umhverfisbreytinga og efnahagslegrar og samfélagslegrar þróunar.

Norræna upplýsingasetrið um kynjafræði, NIKK.

Verkefni Norræna upplýsingasetursins um kynjafræði, NIKK (Nordisk information för kunskap om kön), er að safna saman og miðla upplýsingum um norrænar rannsóknir, stefnumál og aðgerðir á sviði jafnréttismála. Upplýsingasetrið annast útboð vegna styrkja til rannsókna. Upplýsingar um reglur og áherslur við úthlutanir úr sjóði Norrænu ráðherranefndarinnar má nálgast á vefsvæði NIKK. Á árinu hafði NIKK fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar m.a. umsjón með kortlagningu aðgerða og ráðstafana stjórnvalda á Norðurlöndunum í kjölfar #MeToo-hreyfingarinnar. Jafnframt annaðist NIKK umsýslu vegna rannsóknar nefndarinnar um ungt fólk í áhættuhópum kynlífsiðnaðar og vændis á Norðurlöndunum. Megin afurð rannsóknarinnar er skýrsla sem ber enska heitið *Young People, Vulnerabilities and Prostitution / Sex for Compensation in the Nordic Countries, a study of knowledge, Social Initiatives and Legal Measures*.

Vinnumál

Unnið verður eftir samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál til enda árs 2021. Stefnumarkandi áherslusvið landanna á sviði vinnumála árin 2018–2021 eru að:

- Auka jafnvægi milli framboðs vinnu og eftirspurnar eftir hæfu vinnuafla og auka þátttöku á vinnumarkaði, einkum hjá hópum sem standa höllum fæti.
- Bæta vinnuumhverfi fyrir konur og karla, m.a. með því að koma í veg fyrir vinnutengda sjúkdóma og slys og tryggja að vinnuaðstæður séu sómasamlegar.
- Tryggja jafnvægi milli starfsmannaverndar og sveigjanleika og standa vörð um norræna líkanið í vinnumálum sem byggist á þremur stöðum vinnumarkaðarins.
- Efla og vinna að aðlögun fólks sem er að koma inn á vinnumarkað, auka jafnrétti og frjálst flæði á norrænum vinnumarkaði.

Ráðherranefnd um vinnumál.

Guy Ryder, framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, var gestur á fundi norrænna ráðherra vinnumála sem fram fór í Reykjavík 3. apríl. Ryder leiddi þar umræðu um áskoranir og lausnir í ljósi nýútkominnar skýrslu framkvæmdanefndar ILO sem heitir *Work for a brighter future*. Fulltrúum aðila vinnumarkaðarins var boðið til fundarins. Á fundinum samþykktu ráðherrarnir að setja af stað verkefni í samstarfi við ráðherranefndir um menntamál og jafnrétti sem lýtur að aukinni hátæknikunnáttu og fjölgun kvenna í hátæknigreinum í ljósi

þeirra áherslna sem Norðurlöndin leggja á sjálfbærni og jafnrétti á öllum sviðum vinnumarkaðar. Niðurstöður þess verkefnis munu liggja fyrir á árinu 2020 og ber verkefnið heitið *Hållbarhet och jämställdhet i framtidens högteknologiska arbetsliv*. Verkefnið er unnið af NIKK. Auk Ryders tóku ráðherrarnir þátt í pallborði á ráðstefnunni 4. apríl um framtíð vinnunnar í Hörpu og kynntu sér svo Helligheidarvirkjun.

Undir Norrænu ráðherranefndina um vinnumál heyra, auk embættismannanefndarinnar, þrjár nefndir, þ.e. nefndir um vinnumarkað, vinnuvernd og vinnurétt.

Framtíð vinnunnar.

Á formennskuári Íslands bar hæst í vinnumálum norræna ráðstefnan um framtíð vinnunnar sem haldin var í Hörpu 4.–5. apríl. Ráðstefnan var haldin í samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ILO og hana sóttu um 250 manns. Ráðstefnan var mikilvægur liður í kynningu á fyrstu þáttum norræna rannsóknaverkefnisins *The future of work: Opportunities and challenges for the Nordic model* og fyrri daginn ávörpuðu forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Guy Ryder, ráðstefnuna. Síðari daginn var sjónum beint að jafnrétti á vinnumarkaði með hliðsjón af þeim áskorunum og tækifærum sem fram undan eru. Öll erindi og mikið af gögnum um verkefnið er að finna á heimasíðu ráðstefnunnar.

Norræna rannsóknaverkefninu *The future of work: Opportunities and challenges for the Nordic model* lýkur á árinu 2020, en það hefur verið fyrirferðarmikill þáttur í norræna vinnumarkaðssamstarfinu frá því það fór af stað árið 2017. Rannsóknarstofnunin Fafo í Noregi stýrir verkefninu en það snýst um að kortleggja og greina helstu áskoranir og möguleika vegna þeirra breytinga sem talið er að muni eiga sér stað á vinnumarkaðinum næstu 15–20 árin. 2. október var haldin vinnustofa í Hveragerði þar sem þátt tóku 65 embættismenn á sviði vinnumála á Norðurlöndunum auk rannsakenda af hálfu Fafo. Þar var farið yfir hvernig niðurstöður verkefnisins verði best nýttar þegar þær liggja fyrir á árinu 2020.

Hinn 7. nóvember var haldin norræn ráðstefna í samstarfi Vinnueftirlitsins, Vinnumálastofnunar, félagsmálaráðuneytisins og norrænu fræðslustofnunarinnar NIVA undir yfirheitinu *The Working Conditions of Tomorrow – what are the implications for the work environment and labour markets*. Ráðstefnuna sóttu um 120 manns til að fræðast um breytingar sem geta haft áhrif á vinnuumhverfi framtíðarinnar og starfsaðstæður, hvernig hægt er að skapa góða vinnustaði sem stuðla að heilsu, öryggi og réttindum starfsfólks og um skipulegt samstarf þvert á landamæri og innanlands til að uppræta félagsleg undirboð og brotastarfsemi. Ráðstefnunni var streymt og tóku fjölmargir þátt á þann hátt, bæði hérlendis og erlendis.

Vinnumarkaður.

Norræna vinnumarkaðsnefndin kynnti á árinu niðurstöður samanburðarrannsóknar á því hvernig Svíþjóð, Noregi og Danmörku reiðir af við aðlögun flóttafólks að vinnumarkaðnum í gegnum þau aðlögunarræði sem flóttafólki standa til boða í þessum löndum. Inn í verkefnið fléttaðist stefna landanna hvað varðar móttöku flóttafólks. Niðurstöðurnar vöktu athygli enda er árangur landanna mismunandi eftir því hvenær hann er mældur sem sýnir hve löndin hafa farið ólíkar leiðir við móttöku og aðlögun flóttafólks að vinnumarkaðnum.

Nefndin hélt áfram samstarfi sínu við Norrænu velferðarmiðstöðina í gegnum verkefni sem ætlað er að kortleggja tækifæri og möguleika fólks með skerta starfsgetu í ljósi breytinga á vinnumarkaði. Þar er sérstaklega horft til nýrra lausna og þess sem löndin eru nú þegar að gera til þess að hægt sé að skapa sjálfbæran og aðlögunarhæfan breytilegan vinnumarkað fyrir alla. Niðurstöður þess verkefnis munu liggja fyrir í kringum áramótin 2020–2021.

Nefndin, auk embættismannanefndarinnar EK-A, setti einnig í gang verkefni á árinu sem lýtur að því að kanna hvernig Norðurlöndin geta aukið enn frekar hreyfanleika vinnuafis milli landa til að nýta betur þekkingu og reynslu sem til staðar er í einu landi en skortir hjá öðru.

Vinnuvernd.

Norræna vinnuverndarnefndin kynnti á árinu 2019 skýrslu um ný ráðningarform meðal starfsfólks og áhrif þess á vinnuumhverfi. (Nye arbejdsformer blandt unge: Konsekvenser for arbejdsmiljøet). Skýrsluna má finna á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Á árinu 2019 veitti vinnuverndarnefndin styrki til eftirfarandi verkefna:

- Atvinnulíf framtíðarinnar. Nefndin veitti áfram styrk til þessa umfangsmikla verkefnis. Nefndin leggur mikla áherslu á að verkefnið skili aukinni þekkingu á vinnuumhverfi framtíðarinnar.
- Að hvaða marki má koma í veg fyrir langtímafjarvistir á vinnumarkaði? Áfram var veittur styrk til gerðar samræmðs norræns gagnagrunns um langtímafjarvistir á vinnumarkaði og notkun hans til að spá fyrir um starfsgreinatengdar forvarnir og lengd vinnuævi.
- Fjarvinna á Norðurlöndunum. Veittur var styrkur til verkefnis um áhrif fjarvinnu á vinnuumhverfi og starfsánægju starfsmanna. Einnig verða lagaumhverfi og framkvæmd ákvæða laga og reglugerða skoðuð með tilliti til fjarvinnu og bent á leiðir til að tryggja gott vinnuumhverfi.
- Norræn vinnueftirlitsráðstefna í Danmörku 2020. Yfirskrift ráðstefnunnar verður *Det fremtidsparate arbejdstilsyn* og verður áhersla á hvernig norrænar vinnueftirlitsstofnanir geta best sinnt hlutverki sínu í ljósi þeirra breytinga sem eru að verða á vinnumarkaði.

Námskeiðahald Norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA) var með hefðbundnu sniði á árinu 2019 en haldin voru 12 námskeið. Námskeiðið *Finding and Implementing scientific evidence – a core element in OSH expertise* var haldið á Íslandi dagana 10.–12. apríl í Háskóla Íslands.

Vinnuréttur.

Norræna vinnuréttarnefndin fór á fundum sínum árið 2019 yfir stöðuna á vinnumarkaði hvers ríkis fyrir sig. Í því sambandi var m.a. rætt um ELA (The European Labour Authority) sem er ný stofnun Evrópusambandsins, um útsenda starfsmenn og fyrirhugaða tilskipun ESB um lágmarkslaun.

Fjallað var um löggjöf ríkjanna á sviði vinnuréttar, svo sem nýlegar lagabreytingar og frumvörp sem ríkin eru að vinna að en í sumum tilvikum er um að ræða frumvörp í tengslum við innleiðingar ríkjanna á efni tilskipana Evrópusambandsins sem tengjast vinnurétti. Í því sambandi ber að nefna að Íslandi og Noregi ber einungis að innleiða þær sameiginlegu reglur sem fram koma í tilskipunum Evrópusambandsins sem felldar hafa verið undir samninginn um evrópska efnahagssvæðið þar sem ríkin hafa ekki gerst aðilar að Evrópusambandinu.

Þá var farið yfir nýja dóma sem fallið hafa á sviði vinnuréttar hjá dómstólum ríkjanna, EFTA-dómstólum og Evrópu dómstólum og rætt um þau áhrif sem dómarnir kunna að hafa á löggjöf einstakra ríkja. Jafnframt var farið yfir helstu atriðin í tengslum við störf Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO).

Löggjafarsamstarf

Á árinu var að venju haldinn fundur í ráðherraráði dómsmálaráðherra (MR-LAG) og þrjú embættismannafundir (EK-LAG) í formennsku Íslands.

Ráðherrafundur dómsmálaráðherranna var haldinn á Hótel Nordica í Reykjavík 2. september. Fundurinn var vel sóttur af ráðherrum og embættismönnum, ráðherrarnir fóru yfir áhersluatriði sín og góðar umræður voru um aðgerðir og samstarf í baráttunni gegn kynferðisofbeldi gegn börnum á netinu, spillingu og peningaþvætti, uppgangi öfgahópa og hvernig takast á við ýmis mál tengd þeim sem verið hafa stríðsmenn ISIS. Þá samþykktu ráðherrarnir að vinna áfram saman í baráttunni gegn kynferðisbrotum á netinu og að nánara samstarfi lögreglu á Norðurlöndunum sem og að styrkja rannsóknir á peningaþvætti og spillingu á Norðurlöndunum.

Á embættismannafundunum var farið yfir helstu mál sem unnið er að í dómsmálaráðuneytum landanna, þar á meðal lagabreytingar og nýja löggjöf á vegum ráðuneytanna. Auk þess var unnið að ýmsum verkefnum sem dómsmálaráðherrarnir hafa falið embættismannanefndinni að taka til skoðunar og kortlagningu verkefna á grundvelli áhersluatriða í nýrri framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar. Þá hittist sérfræðingahópur um fjölskyldumálefni á einum fundi.

Á árinu voru haldnar tvær ráðstefnur, sem voru formennskuverkefni á dómsmálasviðinu. Annars vegar norræn ráðstefna um persónuvernd barna í stafrænum heimi og alþjóðleg ráðstefna um kynferðisbrot gegn börnum á netinu. Báðar ráðstefnurnar voru vel sóttar.

Efnahags- og fjármálastefna

Samstarf embættismanna í fjármálaráðuneytum Norðurlandanna var með hefðbundnum hætti á árinu og voru haldnir þrjú fundir. Samstarfið felst í upplýsingaskiptum og undirbúningi funda í ráðherraráði efnahags- og fjármálaráðherra (MR-FINANS).

Reynt hefur verið að halda ráðherrafundi nokkur undanfarin ár en ekki tekist fyrr en nú undir formennsku Íslands. Undirbúinn hafði verið fundur sem halda átti á Íslandi í maí 2019, en hætta þurfti við hann vegna þingkosninga í Finnlandi og Danmörku. Fjármálaráðherra lagði til að fundur yrði haldinn í Washington DC samhliða ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans sem norrænu fjármálaráðherrarnir sækja einnig. Það gekk eftir og á fundinum voru m.a. umræður um loftslagsmál, þar á meðal hvernig fylgja ætti eftir sameiginlegri yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlandanna frá því í ágúst 2019 um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Einnig var starf alþjóðlegs vettvangs fjármálaráðherra um lofslagsmál, CAPE, til umræðu.

Embættismannanefndin stendur fyrir útgáfu á vefritinu *Nordic Economic Policy Review*, en ritið sem gefið var út í maí og fjallar um *Climate Policies in the Nordic Countries – a cost benefit approach* var lagt til grundvallar í umræðum um það hvernig norrænu ríkin gætu best orðið að liði í alþjóðlegri stefnumörkun og aðgerðum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Ályktaði fundurinn að þar gegndi tækniþróun lykilhlutverki, en einnig var rætt um möguleika á að flytja út hugmyndir að lofslagsvænum hvötum, t.d. gegnum skattkerfið.

Embættisnefndin fjármagnaði árið 2017 verkefnið *Integrating Immigrants into the Nordic Labour Markets* sem var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar en niðurstöður verkefnisins voru kynntar vorið 2019. Á ráðherrafundinum urðu umræður út frá þessu verkefni um aðlögun

innflytjenda að norrænum vinnumarkaði og kom fram að þau ríki sem hefðu tekið á móti flestum flóttamönnum síðustu árin vildu vinna gegn hættu á félagslegri einangrun þeirra og leggja mikla áherslu á að innflytjendur fái tækifæri til að aðlagast á nýjum stað til að geta tekið þátt í vinnumarkaði og samfélagi.

Embættismannanefndin hefur takmarkaða fjármuni til ráðstöfunar og er þeim næstum einvörðungu varið í tvö verkefni. Annars vegar er það útgáfa á framangreindu vefþímariti *Nordic Economic Policy Review* sem gefið er út árlega og hins vegar stuðningur við samstarf norræns vinnuhóps um umhverfis- og efnahagsmál. Hópurinn gefur út skýrslur á fjögurra ára fresti um hagræn stjórnþæki í umhverfismálum á Norðurlöndum. Ný skýrsla kom út í október, *The Use of Economic Instruments in Nordic Environmental Policy 2014–2017*. Önnur verkefni voru minni háttar á árinu en hópurinn fær ýmis efni til umsagnar og umfjöllunar.

Fylgiskjal I.**Uppbygging norræns samstarfs**

Norræna ráðherranefndin samanstendur af ellefu fagráðherranefndum auk tímabundinnar ráðherranefndar um stafræn málefni. Samstarfsráðherrar Norðurlanda sjá um samræmingu á norræna ríkisstjórnarsamstarfinu í umboði norrænna forsætisráðherra. Með ráðherranefndunum starfa embættismannanefndir og eftir atvikum starfa á þeirra vegum vinnuhópar og sérfræðinganefndir. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar sem er í Kaupmannahöfn styður við starfið með sérfræðiaðstoð og undirbúningi funda. Innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar eru starfræktar norrænar stofnanir, sjá lista hér að neðan.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM)

Sigurður Ingi Jóhannsson samstarfsráðherra.

Norræna samstarfsnefndin (NSK).

Ráðherranefnd um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Embættismannanefnd um fiskveiðar og fiskeldi (EK-FJLS/Fiskeri og havbrug).

Embættismannanefnd um landbúnað (EK-FJLS/Jordbrug).

Embættismannanefnd um matvæli (EK-FJLS/Levnedsmidler).

Embættismannanefnd um skógrækt (EK-FJLS/Skovbrug).

Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen).

Ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðastefnu (MR-NER)

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra (atvinnu- og orkustefna).

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra (byggðastefna).

Embættismannanefnd um atvinnustefnu (EK-NE/Næring).

Embættismannanefnd um orkustefnu (EK-NE/Energi).

Embættismannanefnd um byggðastefnu (EK-R).

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordisk Innovation).

Norrænar orkurannsóknir (NEF).

Norræn rannsóknarstofnun á sviði byggða- og skipulagsmála (Nordregio).

Ráðherranefnd um umhverfis- og loftslagsmál (MR-MK)

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.

Embættismannanefnd um umhverfis- og loftslagsmál (EK-MK).

Ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir (MR-U)

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

Embættismannanefnd um menntamál og rannsóknir (EK-U).

Norræna rannsóknarráðið (NordForsk).

Ráðherranefnd um menningarmál (MR-K)

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

Embættismannanefnd um menningarmál (EK-K).
 Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM).
 Norræna húsið í Reykjavík (NOREY).
 Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH).
 Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ).
 Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA).
 Norræna menningargáttin (Kulturkontakt Nord).

Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S)
 Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra (félagsmál).
 Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra (heilbrigðismál).
 Embættismannanefnd um félags- og heilbrigðismál (EK-S).
 Norræna velferðarmiðstöðin (NVC).

Ráðherranefnd um jafnréttismál (MR-JÄM)
 Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.
 Embættismannanefnd um jafnréttismál (EK-JÄM).

Ráðherranefnd um vinnumál (MR-A)
 Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra.
 Embættismannanefnd um vinnumarkað og vinnuumhverfi (EK-A).
 Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA).

Ráðherranefnd um löggjafarsamstarf (MR-LAG)
 Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra (september til ársloka 2019).
 Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, dómsmálaráðherra (maí til september 2019).
 Sigríður Á. Andersen, dómsmálaráðherra (janúar til maí 2019).
 Embættismannanefnd um löggjafarsamstarf (EK-LAG).

Ráðherranefnd um efnahags- og fjármálastefnu (MR-FINANS)
 Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.
 Embættismannanefnd um efnahags- og fjármálastefnu (EK-FINANS).

Tímabundin ráðherranefnd um stafræna væðingu (MR-DIGITAL)
 Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.
 Embættismannanefnd um stafræna væðingu (HNG-DIGITAL).

Fylgiskjal II**Skammstafanir**

NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NIKK	Nordisk information for kundskab om køn – Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjafræði
NIVA	Nordisk institution for videreuddannelse indenfor arbejdsmiljøområdet – Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd
NMR	Nordisk Ministerråd – Norræna ráðherranefndin
NOMESKO	Nordisk medicinalstatistikkomité – Norræna nefndin um heilbrigðis-skýrslur
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norræna Atlantshafssamstarfið
NordBio	Nordisk bioökonomi – Norræna lífhagkerfið
NORDBUK	Nordisk Børne- og Ungdomskomité – Norræn barna- og ungmennanefnd
NordForsk	NordForsk – Norræna rannsóknarráðið
NordGen	Nordiskt Genresurscenter – Norræna erfðauðlindastofnunin
Nordisk Innovation	Nordisk Innovation – Norræna nýsköpunarmiðstöðin
Nordplus	Nordisk mobilitets- og netværksprogram for uddannelsesområdet – Norræn menntaáætlun fyrir nemendaskipti og tengslanet
Nordregio	Nordregio – Norræn rannsóknarstofnun á sviði byggða- og skipulagsmála
NOSOSKO	Nordisk socialstatistikkomité – Norræna hagskýrslunefndin
NVC	Nordens Velfærdscenter – Norræna velferðarmiðstöðin
SNS	SamNordisk Skogsforskning – Norrænar skógræktarrannsóknir